



STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

Hafnargata 20, Reykjanesbæ
www.studlaberg.is
s. 420-4000



VÍKURFRÉTTIR

MIDVIKUDAGUR 27. MARS 2024 // 13. TBL. // 45. ÁRG.



Sjá umfjöllun á
síðum 20, 21 og 23

KEFLAVÍKURBIKARAR

Gleðilega
páska!



SKORTUR
Á SPENNU-
MYNDUM

Síða 17



Míðopna

Fjórtán ára gerður
að tilraunadýri
eftir hræðilegt slys



Síða 11

nettó

Tilboð gilda
til 1. apríl

KJÖTSEL

50%

Bæonne-skinka
1.250 kr/kg
2.499-kr/kg

Gott
verð!

Nautalundir, erlendar
3.999 kr/kg

Apptilboð - afsláttur
í formi inneignar

20%
appaláttur

Blandaðir humar-
halar, 600 g

24 SÍÐUR Í ÞESSARI VIKU • STÆRSTA FRÉTTA- OG AUGLÝSINGABLAÐIÐ Á SUÐURNESJUM



Gengur vel að koma vatni á hús í Grindavík

Í síðustu viku var byrjað að hleypa köldu vatni á hús í Grindavík og hefur það gengið vel að sögn Þorsteins Einarssonar hjá Lagnabjónustu Þorsteins. Engin stór vandamál hafa komið upp og er verkið á áætlan, ef allt gengur upp fer það langt í þessari viku.

„Þetta hefur gengið mjög vel myndi ég segja. Ég átti alveg von á að einhverjar skemmdir kæmu í ljós en frostharkan sem geisaði skömmu eftir að hraunið fór yfir heitavatnslögnina, virðist ekki hafa valdið skemmdum á lögnum

og engar frostsKemmdir sjáanlegar, nema í einni götu, Túngötu. Svo þurfum við að skoða betur í Efra hópi þar sem hraunið flæddi yfir og svo vitum við af skemmdum í iðnaðarhverfinu, við förum síðast í þetta. Við þurfum að fresta áhleypingu vatns þar fram yfir páska. Við höfum unnið þetta samkvæmt skipulagi sem er sýnilegt á heimasíðu Grindavíkurbæjar og ef allt gengur upp ættum við að komast langt með þetta fyrir páska, fyrir utan þetta sem ég nefndi,“ sagði Þorsteinn.

Bæjarstjóri vanhæfur í bókasafnsmáli

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, hefur óskað eftir því að vera fyrir utan vinnu sem snýr að flutningi bókasafnsins í Hljómahöll.

Hann lagði fram bókun þess efnis á fundi bæjarráðs 21. mars.

„Nú þegar búið er að ákveða að ráða utanaðkomandi verkefnastjóra til að stýra flutningi bókasafnsins í Hljómahöll lýsir Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri, sig vanhæfan til frekari vinnu við undirbúning verkefnisins. Kjartan Már var tónlistarkennari og skólustjóri Tónlistarskólans í Keflavík í átján

ár (1980–1998) og fyrsti formaður stjórnar Hljómahallar og þar með Rokksafnsins 2012–2014. Kjartan telur sjálfur að persónulegar skoðanir hans gætu truflað vinnuna og því sé best að hann komi ekki að undirbúningi flutningsins.“



Allt hreint
Umhverfissvottuð ræstingarþjónusta

HREINSUM
RIMLAGARDÍNUR OG
MYRKVUNARGARDÍNUR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ALLTHREINT.IS

16 FERÐIR Á DAG
ALLTAF PLÁSS
Í BÍLNUM

SUÐURNES - REYKJAVÍK
DAGLEGAR FERÐIR ALLA VIRKA DAGA

CARGOFLUTNINGAR.IS

845 0900

FINNDU OKKUR Á FACEBOOK



Viðsnúningur í rekstri Samkaupa

Samkaup hf. samþykktu ársreikning fyrir rekstrarárið 2023 á aðalfundi félagsins þann 13. mars 2024. Niðurstöður endurspegla þá miklu vinnu sem stjórnendur hafa lagt í innri vinnu og aukna skilvirkni í rekstri. Þetta kemur fram í tilkynningu.

Samkaup hagnaðist um 268 milljónir samanboreið við 192 milljóna tap árið áður. Vörusala jókst á milli ára og nam rúmum 42,3 milljörðum, samanboreið við rúma 40 milljarða árið áður. Þá var eigið fé í árslok 3.139 milljón króna, samanboreið við 3.021 milljónir árið 2022, og eiginfjárlutfall 17,2%.

Síðasta ár var krefjandi á dagvörumarkaði með miklum kostnaðarhækkunum. Fordæmalausar verðhækkningar birgja og framleiðenda, dýrir kjarasamningar og hátt vaxtastig og verðbólga. Dagvörumarkaðurinn dróst saman í upphafi árs en fór að rétta úr kútnum yfir sumarið og hélt sú þróun áfram út árið. Innkaupsverð hækkaði mikið á árinu en alls bárust um 300 tilkynningar um verðhækkningar frá birgjum á árinu sem hafði veruleg áhrif á framlegð. Laun hækkuðu mikið á árinu.

Samkaup reka meira en 60 verslanir víðsvegar um land undir merkjum Nettó, Kjörbúðarinnar, Krambúðarinnar og Iceland.

„Ef við drögum árið 2023 saman þá er mikil vinna og útsjónarsemi stjórnendateymis Samkaupa sem marka uppgjörið. Allir þjónustusamningar voru endurskoðaðir eða sagt upp, fækkað var í yfirstjórn og á skrifstofu, verslun lokað og opnunartími verslana endurskoðaður.

Þrátt fyrir þennan mikla fókus á innri vinnu misstum við aldrei sjónar á því markmiði okkar að bjóða viðskiptavinum okkar gæðavörur á góðu og samkeppnishæfu verði. Má nefna að á síðasta ári lækkuðum við verð á Xtra vörumerkinu okkar til þess að koma til móts við viðskiptavinum okkar og sporna gegn áhrifum verðbólgu á dagleg innkaup fólks. Þá nýttum við síðasta ár í að þróa appið okkar áfram en það veitir viðskiptavinum okkar 2% appslátt af allri verslun í öllum verslunum Samkaupa,“ segir Gunnar Egill Sigurðsson, forstjóri Samkaupa.

Helstu niðurstöður rekstrarársins 2023:

- Vörusala nam 42.340 m.kr., samanboreið við 40.546 m.kr. á árinu 2022.
- Framlegðarhlutfall nam 26%, samanboreið við 24,8% á árinu 2021.
- Hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) nam 2.693 m.kr., samanboreið við 1.915 m.kr. á árinu 2022.
- Hagnaður eftir skatta nam 268 m.kr., samanboreið við 192 m.kr. tap á árinu 2022.
- Heildareignir í árslok námu 18.259 m.kr., samanboreið við 20.101 m.kr. á árinu 2022.
- Eigið fé í árslok nam 3.139 m.kr., samanboreið við 3.021 m.kr. á árinu 2022.
- Eiginfjárlutfall var 17,2%, samanboreið við 15% á árinu 2022.

Samfélagsskýrsla fyrir árið 2023: <https://arsskyrysla2023.samkaup.is/>



Dýpkun Njarðvíkurhafnar að hefjast

Á fundi atvinnu- og hafnarráðs þann 13. febrúar sl. var samþykkt að bjóða út dýpkun Njarðvíkurhafnar og var tilboðsfrestur til 19. mars sl. Eitt tilboð barst í verkið

sem er tæpum 7% yfir kostnaðaráætlun og hefur Vegagerðin sem er ráðgjafi Reykjaneshafnar við þessa framkvæmd lagt til að gengið verði til samninga við tilboðsgjafa

á grundvelli tilboðs hans sem hljóðaði upp á tæpar 200 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að verkinu ljúki í október 2024.

Að dýpkuninni lokinni verður farið í útboð á skjólgarði sem á að loka höfninni af og er vonast til að því verki verði lokið um mitt ár 2025. Eins og komið hefur fram er stefnt að því að Landhelgisgæslan geti flutt skipaflotann til Njarðvíkur.

Níutíu milljónir upp í skuldir Norðuráls

Skiptum lauk í þrotabúi Norðuráls Helguvík ehf. þann 21. febrúar sl. Skiptum lauk með útlutunargerð úr þrotabúinu samkvæmt 160. gr. laga nr. 21/1991 og greiddust við skiptalok 2,0422 hundraðshlutar upp í almennar kröfur, rúmar 400 mkr. Reykjaneshöfn var annar af tveimur samþykktum kröfuhöfum og var hlutur hafnarinnar 22,68% af greiddum kröfum. Eða rúm 91 milljón króna. Kröfur hafnarinnar námu nokkrum milljörðum.



Skemmtileg störf í Dósaseli

Tvo umsjónarmenn vantar til starfa í Dósaseli frá miðjum maí og fram í miðjan ágúst í sumar.

Annar þarf að vera með lyftarapróf og sjá um reksturinn. Hinn þarf að hafa bílpróf og sjá um að sækja flöskur í flugstöðina.

Allar upplýsingar hjá Ingu Jónu í Dósaseli í síma 861-2208 eða á staðnum.

DÓSASEL

Allt fyrir páskana

í Nettó

Tilboð gilda til 1. apríl

KJÖTSEL



50%

Bæonne-skinka
1.250 kr/kg
2.499 kr/kg

KJÖTBORD



20%

Lambahryggur
3.359 kr/kg
4.199 kr/kg



Gott verð!

Nautalundur, erlendar
3.999 kr/kg

KJÖTSEL



Gott verð!

Hamborgarhryggur
1.779 kr/kg



Apptilboð - afsláttur í formi inneignar

HUMARSALAN



20% appsláttur

Blandaðir humarhalar, 600 g

HUMARSALAN



20% appsláttur

Skelflettur humar, 800 g

HUMARSALAN



20% appsláttur

Humar, skelbrot, 1 kg

HUMARSALAN



20% appsláttur

Hátíðarsúpa, 850 ml

Opnunartímar um páskana



Iðavellir

Krossmói

28. mars Skírdagur	29. mars Föstudagurinn langi	31. mars Páskadagur	1. apríl Annar í páskum
10–21	10–21	10–17	10–21
10–19	10–19	Lokað	10–18



nettó

Félagsmenn duglegir að sækja viðburði

Húsfyllir á aðalfundi FEBS. „Ástandið ekki nógu gott hjá mörgum eldri borgurum, sumir geta ekki veitt sér þann munað að leysa út lyf,“ segir Kristján Gunnarsson, formaður.

VF VÍÐTAL

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



„Það voru yfir hundrað manns sem mætti á aðalfundinn – setið í hverjum stól,“ sagði Kristján Gunnarsson, formaður Félags eldri borgara á Suðurnesjum (FEBS), eftir aðalfund félagsins sem fór fram á Nesvöllum föstudaginn 15. mars síðastliðinn.

Kristján sagði að fundurinn hafi verið með hefðbundnu sniði en þó hafi ein tillaga hlotið sérstaklega góðar undirtektir. „Það var lögð fram tillaga um að Grindvíkingar verði undanþegnir félagsgjöldum og haldi fullum réttindum á meðan ástandið er eins og það er. Þetta er meira táknrænn gjörningur til að sýna stuðning en félagsgjöldin okkar eru með því lægsta sem þekkt,“ sagði hann jafnframt og var tillagan einróma samþykkt.

Félagsmenn mjög virkir

Árið var líflegt hjá FEBS og fjölmargir viðburðir að vanda. „Ég er mjög ánægður með það hvað félagsmenn okkar eru duglegir að sækja alla okkar viðburði. Sama hvort það er þorablót, árhátíð eða leikhúsférf, miðar seljast vanalega upp á klukkutíma,“ segir Kristján og bætir við: „Við vorum með tvo sérstaklega áhugaverða fræðslufundi á árinu, annars vegar um löggræði og hins vegar um tannheilsu. Báðir fundirnir voru haldnir fyrir fullu húsi, enda málefnið eitthvað sem við þessi eldri þurfum að kynna okkur betur.“

Fræðslufundurinn um tannheilsu kom fundargestum sérstaklega á óvart, það er gömul mýta

sem er innbrennd í okkur að tannlækningar séu svo dýrar, kosti arm og fótlegg. Dimitri, tannlæknir, kom og leiðrétti þann misskilning þegar hann sagði m.a. frá þátttöku Tryggingastofnunar í tannlækningum. Svo var það með löggræði, málefnið getur verið viðkvæmt og tekið á fjölskyldumeðlimi þegar kemur að þeim tímamarki að það þurfi að svipta okkur löggræði. Fjármálin færast af okkur og það er gott að vera búinn að ganga frá sínum málum áður en til þess kemur, t.d. að vera búinn að gera erfðaskrá svo það sé alveg á hreinu hver fær hvað eftir okkar dag. Ég veit að margir fóru í það að kynna sér þessi mál eftir fræðslufundinn.“



Það var setið í hverju stól á aðalfundi FEBS.



Kristján formaður að þakka fráfarandi stjórnarmönnum langt og gott starf í þágu FEBS.

Eldri borgarar tæknivæðast

Meðal nýjunga hjá FEBS má nefna að félagið opnaði heimasíðuna febs.is á síðasta ári þar sem er að finna hagnýtar upplýsingar um starfsemi – og eldri borgarar láta ekki staðar numið þar.

„Félagsskírteinin okkar verða rafræn í ár,“ segir Kristján. „Við ætlum að hætta með þessi gömlu pappírskort og færa okkur inn í nútímann. Við munum aðstoða þá sem þurfa við að koma þessu í símann hjá sér, svo eru einhverjir sem eru ekki með snjalltæki og þeir geta fengið kort á gamla máttann.“

Ég verð að segja að við erum svo þakklát þeim fyrirtækjum sem hafa tekið okkur svo vel og veita félagsmönnum afslátt af sinni þjónustu. Það er nánast sama hvert við leitum, allir taka okkur vel – og ég vil hrósa afgreiðslufólki sérstaklega, það er líka duglegt að spyrja hvort við séum í félaginu ef það gleymist. Við sem erum komin á efri ár höfum mörg hver ekki mikið á milli handanna svo það munar um þessa afslætti – það eru peningar.“

Kjara- og réttindabaráttu eldri borgara

Kristján hefur mikla og langa reynslu af kjarabaráttu sem fyrrverandi formaður Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis (VSFK). Hann var að

”

Fólk sem hefur skilað sínu ævistarfi og greitt í lífeyrissjóði alla tíð þarf að velta hverri krónu fyrir sér því ríkið hirðir svo stóran hluta ellilífeyrisins ...

klára fyrsta tímabil sitt sem formaður FEBS og segir það hafa komið sér á óvart hversu erilsamt það það er. „Við í FEBS erum virk í kjarabaráttu eldri borgara og sóttum landsþing eldri borgara á árinu. Ástandið er hreinlega ekki nógu gott hjá mörgum eldri borgurum, sumir geta ekki veitt sér þann munað að leysa út lyf. Fólk sem hefur skilað sínu ævistarfi og greitt í lífeyrissjóði alla tíð þarf að velta hverri krónu fyrir sér því ríkið hirðir svo stóran hluta ellilífeyrisins. Það er ríkið en ekki lífeyrissjóðirnir, lífeyrissjóðirnir eru að standa sig. Ríkið skerðir lífeyrissjóðir og ég efast um að nokkur hefði rétt upp hönd og samþykkt stofnun lífeyrissjóða á sínum tíma hafi þetta fyrirkomulag legið fyrir þá,“ sagði baráttumaðurinn Kristján að lokum.



STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURNESJA

AÐALFUNDUR

STJÓRNENDAFÉLAGS SUÐURNESJA

VERÐUR HALDINN FIMMTUDAGINN 11. APRÍL 2024, KL 18:00, Í FUNDARSAL
HÓTEL KEFLAVÍK, VATNSNESVEGI 12 – 14, 230 REYKJANESBÆ.

Fundarefni:

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kosning í stjórn og nefndir
- Kosning um sameiningu
- Önnur mál



Skemmtibátur í vandræðum við Vogu

Björgunarsveitir á Suðurnesjum voru boðaðar á næst hæsta forgangi vegna lítils skemmtibátar sem hafði misst allt vélarafli um hálfan kílómetur frá landi, rétt utan Vogu, um hádegisbil á þriðjudag.

Björgunarsveitir fóru á tveimur björgunarbátum til móts við skemmtibátinn. Þrír einstaklingar voru þar um borð. Björgunarbátarnir voru lagðir úr höfn rétt upp úr hálf eitt og voru komnir að bátnum skömmu síðar. Vel gekk að koma taug á milli skemmtibáts og björgunarbátsins Njarðar, sem dró skemmtibátinn svo til hafnar í Vogum á Vatnsleysuströnd, þangað sem þeir voru komnir rétt upp úr hádegi á þriðjudaginn. Engan sakaði, segir í tilkynningu frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu.



Slökkvilið Brunavarna Suðurnesja var kallað að iðnaðarhúsnæði við hafnarsvæðið í Sveitarfélaginu Vogum á sunnudagskvöld. Tilkynnt var um eld í húsnæðinu og var hann staðbundinn. Slökkviliðsmenn voru fljótir að ráða niðurlögum eldsins og húsnæðið var í kjölfarið reykkræst.



ÓDÝRUSTU PÁSKAEGGIN!

ÞEGAR ÞÚ VERSLAR MEÐ APPINU



AFGREIÐSLUTÍMAR UM PÁSKANA

PÁLMA SUNDAGUR	12-17
SKÍRDAGUR	12-17
FÖSTUD. LANGI	LOKAÐ
PÁSKADAGUR	LOKAÐ*
ANNAR Í PÁSKUM	12-17

* KJÖRBÚÐIN Á SIGLUFIRÐI ER OPIN Á PÁSKADAG FRÁ 12-17



Sæktu appið og
byrjaðu að spara!

KJÖRBÚÐIN

ORÐALEIT

Finndu tuttugu vel falin orð



D R U G N A L S É G H B T G S
 Ó Y S U P E Ý F G L A G U P Ú
 H B M K S Ý M Ö A S A Ð G Ó K
 Á B E B Ý J L P Ý L L É S T K
 L S Ó Ö I G Æ G L A Ú K O Ý U
 Ó K Ý B A L G I S A G K R E L
 D Ó S I R É V T M H U Ð A H A
 A P N Ú P T Æ I Ó K É R K S Ð
 G U S T N L I N K A P E S Ú I
 U R D E A I Ó E Ý A J G Á H E
 R K R Ú R D R M A S É Ð P Ó G
 B P E A Ý B T Ó P G J A E K G
 N Ó K I S A V U P L Ú S É L Á
 E A K U R H Æ N A É B L S Æ G
 R A K A L L A H Ð I K A S F A

DYMBILVIKA
 LESBÓK
 BREKKUKOT
 PRENTVILLA
 GLEÐJA
 AFSAKIÐ
 SLANGUR
 RAKARI
 AÐGERÐ
 GUDLAST

AKURHÆNA
 SIGLA
 KÓPUR
 GLÖGG
 LÚGA
 DREKK
 DÓSIR
 SÚKKULADIEGG
 DAGUR
 PÁSKAR

Gangi þér vel!



MOKVEIÐI OG STUTTIR TÚRAR

Það líður að páskaum og þá munu allir fylla maga sinn af gómsætu súkkulaði – og líklegast munu sjómennirnir okkar gera það líka.

Eftir mokveiðina í janúar og febrúar þá hefur núna í mars verið meiri stýring á bátunum og það sést nokkuð vel á línubátunum því þeir hafa róið mun sjaldnar núna í mars en í janúar og febrúar. Til dæmis er Margrét GK aðeins búin að fara í sex róðra núna í mars en samt komin með um 100 tonna afla, sem er ansi gott miðað við aðeins sex róðra.

Ef við lítum á aðra báta þá er Indriði Kristins BA t.d. með 177 tonn í ellefu róðrum. Af þessum afla bátsins eru 55 tonn lönduð í Sandgerði, þar á undan var báturinn búinn að landa á Bolungarvík, Tálknafirði og Ólafsvík.

Auður Vésteins SU 166 tonn í sextán róðrum, Óli á Stað GK 158 tonn í tólf, Kristján HF 157 tonn í ellefu og mest 23,5 tonn í róðri, Gísli Súrsson GK 140 tonn í tíu, allir að mestu í Sandgerði en reyndar eru Einhamarsbátarnir komnir aðeins í Grindavík þegar þessi pistill er skrifaður. Hópsnes GK 88 tonn í tíu róðrum, Dúddi Gísla GK 82 tonn í aðeins fimm róðrum, Sævík GK 77 tonn í sjö og mest 18,6 tonn í róðri, öllu landað í Þorlákshöfn, Geirflugl GK 69 tonn í átta, Daðey GK 49 tonn í sex. Gulltoppur GK er eini báturinn sem er fyrir norðan en hann er á Siglufirði og hefur landað þar 31 tonn í sjö róðrum.

Dragnótabátarnir hafa lítið róið en veiðin hjá þeim er engu að síður búin að vera mjög góð. Sigurfari GK með 137 tonn í aðeins sex róðrum og mest 28 tonn í róðri, Síggi Bjarna GK 116 tonn í sjö og mest 22 tonn, Benni Sæm GK 103 tonn í sex og mest 20 tonn og Aðalbjörg RE 59 tonn í sex og mest 13,9 tonn. Maggý VE sem var búin að vera í Sandgerði frá áramótum er komin til Vestmannaeyja og hefur landað í heildina 138 tonnum í tíu róðrum, af því eru 44 tonn lönduð í Sandgerði.

Togararnir hafa mokveitt en þeir hafa mikið verið á veiðum í kringum Vestmannaeyjar og er Áskell ÞH kominn með 437 tonn í róðrum og mest 95 tonn og Vörður ÞH 443 tonn í fimm og mest 100 tonn. Báðir þessir togarar eru svokallaðir 29 metra togarar og eru í eigu Gjögurs ehf. Hafa þeir landað í Þorlákshöfn og Hafnarfirði.

Sturla GK, sem Þorbjörn ehf. í Grindavík gerir út, hefur mokveitt og þegar þessi pistill er skrifaður þá hefur Sturla GK landaði 658 tonnum í átta róðrum og mest 92 tonn. Landað í Þorlákshöfn og kom með 80 tonn til Grindavíkur í einni löndun. Myndin sem fylgir með þessum pistli er tekin þegar Sturla GK var að sigla fram hjá Sandgerði en báturinn hafði þá verið að veiðum vestur af Vestmannaeyjum og sigldi sem leið lá alla leið til Hafnarfjarðar. Nokkuð löng leið.

Mokveiði sem Sturla GK er í hefur verið þannig að túrarnir hafa allir verið mjög stuttir, innan við

AFLAFRÉTTIR

Gísli Reynisson
 gisli@aflafrettir.is



tveir sólarhringar, en hafa komist upp í 82 tonna löndun eftir aðeins tæpa tvo daga á veiðum. Það er um 41 tonn á dag.

Sóley Sigurjóns GK er komin norður á rækjuveiðar og hefur landað 22,4 tonnum í einni löndun, af því var rækja 10,78 tonn. Togarinn landar á Siglufirði en rækjunnar er ekið til Hvammstanga. Mest af fiskinum, sem sé þorski, ýsu og ufsa er ekið í vinnslu Nesfisks í Garðinum og hlýra, steinbít og grálúðu er ekið til vinnslu hjá Miðnesi ehf. í Sandgerði (sem áður var Ásberg ehf. og þar á undan Miðnes hf.).

Grásleppuvertíðin árið 2024 er hafin og eins og staðan er núna þá hefur aðeins einn bátur hafið grásleppuveiðar frá Suðurnesjum, það er Guðrún GK 96 sem Sævar Baldvinsson í Sandgerði á en það má geta þess að Sævar á líka annan bát sem líka heitir Guðrún GK. Sá bátur er Guðrún GK 90 og hefur Sævar róið á honum á færunum og var til að mynda næst aflahæsti handfærabátur Íslands árið 2022 á þeim báti. Á grásleppubátunum hefur Guðrún GK 96 landað 380 kílóum í einni löndun og af því var grásleppa 350 kíló.

SUÐURNESJA
VF **magasín**

Þú finnur allt það nýjasta í sjónvarpi frá Suðurnesjum á vf.is

Lumar þú á ábendingu um áhugavert efni í Suðurnesjamagasín?
 Sendu okkur línu á vf@vf.is

Bílaveiðgerðir
Smurþjónusta
Varahlutir

BÍLAR & PARTAR

Brekustíg 38 - 260 Njarðvík
sími 421 7979
 www.bilarogpartar.is

Rétturinn

Ljúffengur heimilismatur í hádeginu

Opið:
11-13:30
 alla virka daga

Þú finnur allar nýjustu fréttirnar frá Suðurnesjum á

vf.is

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

Heyrðu umskiptin, fáðu heymartæki til reynslu

HEYRN.IS

HEYRNARTÆKI // HEYRNARGREINING // RÁÐGJÖF

Heyrn // Hlíðasmára 19 // Kópavogur // heyrn@heyrn.is //

Áhugaverð störf hjá Suðurnesjabæ

Nánari upplýsingar á heimasíðu sveitarfélagsins

SUBURNESJABÆR

Eyjamenn með styrktartónleika fyrir Grindavík

Eyjamenn ætla að halda styrktartónleika fyrir Grindavíkinga föstudagskvöldið 3. maí í Eyjum og samhliða sölu á tónleikana hefur verið sett af stað söfnun hjá einstaklingum og fyrirtækjum sem vilja leggja hönd á plóg. Reikningsnúmerið er 0185-26-000270, kennitala er 270246-4199.

Sótt hefur verið um leyfi sýslumanns fyrir söfnuninni og hún unnin í samráði við Grindarvíkurbæ en þar er sérstakur sjóður settur á laggirnar með sérstakri úthlutunarnefnd.

Söfnunarnefndin í Eyjum er skipuð þeim Höllu Svavarsdóttur, Njáli Ragnarssyni, Sigurhönnu Friðþórsdóttur, Hildi Sólveigu Sigurðardóttur, Bjarna Ólafi Guðmundssyni og Gísla Valtýssyni, sem verður sérstakur fjárgæslumaður söfnunarinnar.

Á tónleikunum 3. maí koma listamenn frá Eyjum til með að skemmta og flytja tónlist í anda Eyjatónleikanna í Hörpu. Þeir sem þegar hafa boðað komu sína eru Karlakór Vestmannaeyja, meðlimir úr Kvinnakór Vestmannaeyja, Blítt og létt hópurinn, hljómsveitin Gosarnir með þá Gísla Stefáns, Jarl Sigurgeirs, Dúna Geirs, Sæþór Vído, Þóri Ólafs og Bigga Nielsen innanborðs og fá þeir nokkra gestasöngvara, meðal annars Unu Þorvalds, Kristínu Halldórs, Tóta Óla og Hafþór Hafsteins, hljómsveitina Moldu, Unnar Gísla eða Júníus Meyvant og sérstakir gestir verða Matti Matt og Védis Hervör.

Allur ágóði af tónleikum rennur beint í söfnunina og eru Hallarbændum færðar þakkir fyrir lánið á henni. Allir listamenn gefa vinnu sína og því rennur miðaverð óskipt í söfnunina.

Miðasala er hafin á tix.is. Miðaverð er 5.000,- krónur en það má greiða meira fyrir miðann, segir í tilkynningu frá Eyjamönnum.



Færri fá fjárhagsaðstoð

Í febrúar 2024 fékk 191 einstaklingur greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 29.539.859 kr. í fjárhagsaðstoð, eða að meðaltali 154.659 kr. á einstakling. Fjöldi barna foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð er 68.

Í sama mánuði 2023 fengu 365 einstaklingar greidda fjárhagsaðstoð frá Reykjanesbæ. Alls voru greiddar 55.018.424 kr. í fjárhagsaðstoð, eða að meðaltali 150.735 kr. á einstakling. Fjöldi barna foreldra/forráðamanna á fjárhagsaðstoð var 159.

Í febrúar 2024 fengu 326 einstaklingar greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins. Samtals voru greiddar 7.046.259 kr. Í sama mánuði 2023 fékk 281 einstaklingur greiddan sérstakan húsnæðisstuðning sveitarfélagsins, samtals 4.910.873 kr.

Eldsumbrot í Sundhnúkgíggaröðinni standa enn yfir



Óvissa með eldgosinu

Eldstöðin við Sundhnúk hefur síðustu sólarhringa náð að byggja upp myndarlega gígbarma. Á myndinni má sjá þá tvo gíga sem hafa náð að gjósa lengst. Grindavík í baksýn.

Víkurfréttamyndir: Ísak Finnbogason

Dregið hefur úr virkni eldgossins við Sundhnúkgíga síðustu sólarhringa. Virkni í gígnum er minni og mögulega slökknad í minnstu gígnum. Þá hefur gosórói minnkað mjög hægt og rólega undanfarna daga. Meginhraunstraumurinn rennur frá gígnum fyrst í suður og beygir síðan til vesturs. Um helgina hélt hraun áfram að flæða í Melhólsnámuna og hefur nú fyllt hana. Hraun heldur áfram að þykkna nær gígnum. GPS mælingar síðustu daga benda til þess að landris sé í gangi í Svartsengi, en mun hægara en áður. Það bendir til þess að enn safnist upp kvika í söfnunarsvæðið undir Svartsengi þótt það sé eldgos í gangi.

Leiðigarðar sanna gildi sitt

Varnar- og leiðigarðar sem reistir voru norðan og austan Grindavíkurbæjar hafa sannað gildi sitt í eldsumbrotunum. Garðarnir hafa tekið á móti miklu magni af hrauni og leitt það í átt til sjávar. Hraunjaðarinn á þó enn eftir nokkra vegalengd að Suðurstrandarvegi austan við Þórkötlustaðarhverfið í Grindavík. Vestan við byggðina er unnið að gerð leiðigarða. Þar

er einnig verið að sprengja í burtu haft til að mögulegt hraunrennsli eigi greiðari leið til sjávar vestan við byggðina. Þar þarf einnig að lækka Nesveginn að hluta til að greiða leiðina.

Talsvert hraunrennsli hefur verið frá eldstöðinni. Hrauntunga náði að Melhólsnámuna á dögnum og hraunið var fljótt að fylla námuna.

Há gildi brennisteinsdíoxíðs (SO₂) mælst síðustu daga

Há gildi brennisteinsdíoxíðs (SO₂) hafa mælst í Höfnum og Grindavík síðustu daga. Þessi styrkur er talinn mjög óhollur og líklegt að flestir gætu fundið fyrir einkennum í öndunarfærum. Mikilvægt er að dvelja innandyra, loka gluggum



Hér stóð Melhólsnámuna, sem var mikil og stór hola sem efni hefur verið tekið úr í fjölmörg ár. Nú hefur hraunið fyllt námuna. Þetta er örugglega fyrsta náman á heimsvísu sem skilað hefur verið aftur til náttúrunnar eins og hún var í upphafi.

og slökkva á loftræstingu. Þetta á ekki síst við þar sem vinna fer fram utandyra.

með framhaldið. Vísindamenn eru ekki sammála um framhaldið en hafa þó nefnt að gosið nái jafnvel ekki að lifa fram yfir páska.

Óvissa með framhaldið

Þó dregið hafi úr virkni í eldstöðinni síðustu sólarhringa er óvissa



Hilmar Bragi Bárðarson
hilmar@vf.is



Varnar- og leiðigarðarnir sem reistir voru norðan og austan við Grindavíkurbæ hafa tekið vel á móti hraunrennslinu frá eldgosinu sem hófst þann 16. mars. Garðarnir austan við byggðina eru þó barmfullir að hluta og síðustu daga hefur verið unnið að undirbúningi fyrir hækkun þeirra. Það þarf að gera innanfrá og hefur verið unnið að vegagerð til að koma efni á staðinn. Myndirnar tók ljósmyndari Víkurfrétta, Ísak Finnbogason, síðasta laugardag.





■ Gagnvirkur fróðleikur fyrir fróðleiksfúsar fjölskyldur í Þekkingarsetri Sandgerðis

Fróðleiksfúsi sýnir að spjaldtölva getur vel verið kennslutæki

Fróðleiksfúsi er heitið á verkefni sem á ættir sínar að rekja til Suðurnesjabæjar, nánar tiltekið til Þekkingarseturs Suðurnesja í Sandgerði en þar hefur staðið yfir náttúrugripasýning allt frá árinu 1995. Daniel Hjálmtýsson er verkefnastjóri fræðslu og miðlunar og þegar hann tók við starfi árið 2022, fæddist hugmynd hjá honum þegar Hrafn sonur hans, sem þá var sex ára gamall, var að spyrja út í þau fjölmörgu dýr sem eru til sýnis í setrinu.

Kviknaði ljós

Það kviknaði ljós hjá Daniel eftir spurningaflóðið frá syninum. „Hrafn spurði mig spjörunum úr og þegar ég hafði lokið þeim verkefnum sem ég þurfti að klára, fæddist hugmynd hjá mér og úr varð saga um dýrin sem hann vildi fræðast um. Hægt og rólega varð til ákveðinn hugarheimur, persónur og þæling að búa til einhvers konar fræðsluleik um náttúruna og þá kannski aðallega um dýrin og vistkerfin sem eru hér á Suðurnesjum og við erum að rannsaka á hverjum degi.

Fyrsta skrefið var að festa hugmyndina og skissurnar á blað og sækja um styrk til Uppbyggingarsjóðs Suðurnesja, mér var vel tekið

og fékk styrk til að hrinda verkefninu í framkvæmd. Ég var búinn að skissa upp helstu karakterana, gera handrit og strúktúra hvað ég vildi gera og vegna styrksins gat ég fengið grafískt hönnunarfyrirtæki, Jökulá, til að hanna allt sem sést í leiknum í dag. Jökulá bjó sömu leiðis til viðmótið sem þurfti til að hægt yrði að forrita leikinn og við í sameiningu, höfðum samband við útskriftarárganginn í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík. Okkur var mjög vel tekið og mjög öflugur hópur útskriftarnema tók verkefnið að sér og úr varð samvinnuverkefni Þekkingarsetursins, Jökulár og Háskólans í Reykjavík. Þó svo að verkefnið sé tilbúið, þá mun það verða í sífelldri þróun og við vorum að fá nýjan styrk í

síðustu viku. Hann mun fara í að þýða verkefnið, bæði yfir á ensku og pólsku. Fróðleiksfúsi virkar þá ekki einungis sem náttúrufræðsla heldur einnig sem gott tæki til tungumálakennslu.“

Gagnvirkur fróðleikur

Þekkingarsetur Suðurnesja opnar að vori en undanfarin ár hefur verið tekið á móti rúmlega þúsund börnum á leik- og grunnskólaaldri í vorferðum. Með því að þýða leikinn yfir á ensku og pólsku sér Daniel gullin tækifæri til að laða erlenda ferðamenn að Þekkingarsetrinu.

„Markhópurinn er fjögurra til tólf ára börn en yfirskrift leiksins er Gagnvirkur fræðsluleikur fyrir

fróðleiksfúsar fjölskyldur. Ég sé algjörlega fyrir mér að í stað þess að foreldrar fari með börnin sín í bíó á laugardegi, komi þau frekar í heimsókn til okkar í Þekkingarsetrið og spili Fróðleiksfúsa. Ég er sannfærður um að Fróðleiksfúsi mun laða að erlentu ferðafólk og ég þykist líka vita að náttúrufræðikennarar á Íslandi vilji koma með nemendur sína í heimsókn til okkar og fræðast um dýrin og náttúruna í gegnum Fróðleiksfúsa, í stað þess að lesa um í náttúrufræðibókum,“ segir Daniel.

Námstæki

Þekkingarsetur Suðurnesja er afsprengi Fræðasetursins í Sandgerði sem var sett á stofn árið 1995 en hvatamaður að því var Reynir Sveinsson sem nýlega er fallinn frá. Hugmyndin að Fróðleiksfúsa er í raun að færa hið gamla safn yfir í nútímann og nýta tækni til fræðslu. „Það er ekki hægt að fara með ipadinn heim í stofu og leika leikinn þar, maður þarf að vera á staðnum til að geta fundið viðkomandi dýr og maður þarf að nýta tæknina sem



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

hjálpstæki. Mér finnst mikilvægt að fræða börnin um möguleikann á nýtingu svona tækja, það er hægt að gera svo margt annað en spila Angry birds eða Minecraft. Ég viðurkenni fúslega að ég hef verið uggandi yfir áhrifum snjalltækja á börnin okkar, í raun hef ég áhyggjur af okkur fullorðna fólkinu líka varðandi það. Þess vegna er ég ofboðslega ánægður að geta sýnt fram á að hægt sé að appið er litríkt og skemmtilegt, það er með hljóðum allra dýranna og miklum fróðleik, sem börnin eiga auðvelt með að meðtaka. Ef þau myndu mæta á svona náttúrugripasýningu, myndu þau ekki vita neitt um dýrin og ég hefði þurft að lesa ótal bækur til að geta aflað mér þess fróðleiks sem kemur fram í leiknum. Það skemmir síðan ekki fyrir að börnin hafa mjög gaman af leiknum, sem er mjög ánægjulegt fyrir mig og okkur sem stöndum að þessu,“ sagði Daniel að lokum.



”

Með því að þýða leikinn yfir á ensku og pólsku sér Daniel gullin tækifæri til að laða erlenda ferðamenn að Þekkingarsetrinu ...

Gleðilega páska

Förum gætilega um páskana og komum heil heim



HS ORKA



SUDURNESJABÆR



VERNE

SINDRI



LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD





Eva Björk tekur við blómvendi úr höndum Kjartans Mús Kjartanssonar, bærarstjóra Reykjanesbæjar, við opnun Friðheima. VF/JPK

Góður grunnur út í lífið

Friðheimar voru formlega opnaðir fimmtudaginn 29. febrúar síðastliðinn en það er deild innan Háaleitisskóla í Reykjanesbæ fyrir börn í leit að alþjóðlegri vernd. Eva Björk Sveinsdóttir er deildarstjóri Friðheima en hún hefur mikla reynslu í stjórnun í skólakerfinu, var skólustjóri Gerðaskóla í sjö ár og þar á undan deildarstjóri í nítján ár í Myllubakkaskóla. Víkurfréttir spurðu hana nánar út í starfsemi Friðheima.



Mikill fjöldi var samankominn við tilefnið og fengu gestir að skoða húsnæðið eftir formlega opnun.



Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

„Þegar ég hætti í Gerðaskóla ætlaði ég í raun að prófa að gera eitthvað allt annað – en einhvern veginn sækir skólinn alltaf í mann og mér fannst þetta verkefni svo skemmtilegt þannig að ég gat eiginlega ekki sagt nei við því,“ segir Eva Björk Sveinsdóttir sem stýrir Friðheimum en hún kom ekki að verkefninu fyrr en í lok ágúst. „Þegar ég kom inn var verið að gera skólafurnar og verið að reyna að standsetja allt. Það var í rauninni alveg ótrúlegt hvað það tók stuttan tíma og við byrjuðum með krakkana 18. október síðastliðinn.“



Friðbjófur Helgi Karlsson, skólustjóri Háaleitisskóla, bauð viðstadda velkomna og sagði nokkur orð.



Guðmundur Ingi Guðbrandsson, félags- og vinnumarkaðsráðherra, hélt tölu við opnunina.

”

Það getur alveg verið áskorun, það er ýmislegt ólíkt en það hefur gengið mjög vel hingað til. Börnin eru mikið móttækilegri en við og það er ekki mikið um uppkomur svo þetta fer allt saman vel af stað ...

Í byrjun voru rúmlega áttatíu nemendur en það var vítið að nemendur yrði alltaf á milli áttatíu og hundrað. „Og það hefur verið þannig. Það eru búnir að vera 96, 97 nemendur eftir júl, þetta er dágóður fjöldi. Þetta eru börn í leit að alþjóðlegri vernd en eru í smá biðstöðu ásamt fjölskyldum sínum. Þarna erum við að grípa inn í með því að bjóða upp á þetta úrræði.“

„Fyrst þegar við byrjuðum vorum við bara með fjórar kennslustofur og vorum þá með þau yngri á morgnana og eldri eftir hádegi. Vorum að bjóða upp á kennslu frá níu til ellefu og tólf til tvö. Svo fengum við salinn 1. febrúar og þá gátum við lengt skóladaginn, þannig að nú eru nemendur að fá fimm kennslustundir á dag.“

Eins og ég hef sagt þá er ekkert mál að skipuleggja heilan skóla en þarna erum við með börn sem eru á svo mismunandi stað. Það er smá flækjustig þegar sumir eru búnir að vera í fjóra, fimm mánuði – svo kemur nýtt barn. Hvernig eigum við að hafa skipulagið? Þannig að við ákváðum að vera með mismunandi þemu sem rúllar í tvær vikur og svo tekur nýtt við. Núna erum við t.d. að klára varðandi dýr en svo eftir páska erum við komin hringinn og þá tökum við fyrir um mig og fjölskyldan, þannig að orðaforðinn snýst um það í tvær vikur og svo förum við í nýtt. Svona rúllar þetta í átta þemu og þá eru að mestu komnir nýir krakkar þegar við byrjum upp á nýtt.“

Byggja góðan grunn út í lífið

Eva segir að megináherslan sé lögð á íslenskukennslu og að auka orðaforðann – og að kenna börnunum á íslenskt skólakerfi.

„Við skiptum því hvað við gerum á sal og hvað við gerum í skólaflokkum. Við kennum íslensku og stærðfræði í skólaflokkum og í salnum erum við að leggja áherslu á félagsfærni, list- og verkgreinar og hreyfingu, það eru áherslurnar,“ segir Eva. „Það væri vöðalega gott að geta komist hér í íþróttahúsið en það er stútfullt. Þannig að við höfum ekki verið með neina tíma þar en vonandi getum við verið með hreyfingu úti með vorinu.“

„Við erum mikið að nýta það sem við getum nýtt og ætlum svo að byrja með meira samstarf inn í skólann. Þau eru að sækja tíma í tónmennt og bókasafnið skólanum, starfsmenn á bókasafninu eru að lesa fyrir þau. Þetta verkefni er núna búið að standa í fimm mánuði og við erum að þróa það jafnt og þétt – sjáum hvað er í boði í dag og hverju við getum bætt við.“

Er þá gengið út frá því að þessi börn setjist að hérna, að þetta sé ekki bara tímabundið úrræði og krakkarnir nái að aðlagast íslensku samfélagi?

„Já, við göngum út frá því en eins og ég segi þá erum við að þjálfva þau í félagsfærni þannig að þau styrkist í sinni tilveru. Hvort sem þau fara svo til baka eða hvað verður, að við séum að bjóða upp á góðan grunn út í lífið.“

Þetta er í raun hugsað sem tímabundið úrræði á meðan þessi staða er, að fjölskyldur bíða eftir að fá kennitölur og komast inn í kerfið, svo þegar börnin eru komin til að vera fara þau út í skólana – og þá erum við vonandi búnir að gera góða hluti og höfum náð að undirbúa þau vel. Að þau séu komin með grunnorðaforða og eru þá sterkari að byrja í skólanum.“



Teikningar krakkanna vöktu mikla athygli viðstaddra.

Ólíkir menningarheimar

Þetta eru börn sem koma frá hinum og þessum löndum, hvernig gengur að blanda þessum ólíku menningarhópum öllum saman?

„Það getur alveg verið áskorun, það er ýmislegt ólíkt en það hefur gengið mjög vel hingað til. Börnin eru mikið móttækilegri en við og það er ekki mikið um uppkomur svo þetta fer allt saman vel af stað.“

Börnin eru í misjöfnu ásigkomulagi þegar þau koma hingað og Vinnuálastofnun hefur félagsráðgjafa á sínum snærum sem sinna fjölskyldunum þegar þau koma til landsins. Eva segir að þau geri sitt besta til að hjálpa börnunum og byggja upp traust. „Að byggja upp traust meðal nemenda og þeir geti leitað til starfsfólksins.“

Í Friðheimum er gert ráð fyrir tuttugu stöðugildum en aðeins hefur tekist að fylla í fimmtán þeirra. Næsta spurning til Evu er hvernig samskiptin gangi við krakkana og hvort tungumálin séu engin fyrirstaða. „Jú, það er mikil leikræn tjáning í kennslunni,“ segir hún og hlær. „Við erum rosalega heppin með starfsfólk. Það eru tvær sem eru spænskumælandi, ein sem er kennari og einn stuðningsfulltrúi, svo erum við með kennara sem talar arabísku og svo eru tveir sem tala aðeins á spænsku. Auðvitað er þetta svolítið flókið því það tala ekki allir kennararnir spænsku en yfir áttatíu prósent nemenda talar spænsku og maður veit ekki alltaf hvað er að fara fram á milli krakkana – en með reynslunni þá getur maður lesið í látbragðið, hvort verið sé að segja eitthvað skemmtilegt eða leiðinlegt. Það er svona það helsta sem við erum að upplifa, við vitum stundum ekki alveg hvað fer þeirra á milli – og það er áskorun,“ sagði Eva að lokum.

Litríkir þemadagar

Þemadagar Háaleitisskóla fóru fram í síðustu viku og þar slepptu nemendur sköpunargáfunni lausri eins og má sjá á meðfylgjandi myndum sem Jóhann Páll Kristbjörnsson, ljósmyndari Víkurfréttta tók.





„Mikill munur að fara úr sex tíma vaktakerfi yfir í átta tíma. Eins og önnur fjölskylda manns,“ segir Sigurður Jónsson, skipsstjóri.

EKKI SAMA MOKFISKERÍ FYRIR UTAN TÓLF MÍLURNAR

Tómas Þorvaldsson GK er frystitogari í eigu Þorbjarnar í Grindavík. Sigurður Jónsson hefur verið annar skipstjóra skipsins síðan það var keypt fyrir fimm árum en þar áður var Siggí á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK frá áramótum '89/'90. Siggí man tímuna tvöna í frystitogarasjómenskunni, allur aðbúnaður er allt annar í dag en hver túr er venjulega á bilinu tuttugu og fimm til þrjátíu dagar. Sú mokveiði á þorski sem hefur verið við Suðurnes í nánast í allan vetur nær ekki

út fyrir tólf mílurnar en innan þeirrar línu mega frystitogarar ekki veiða. Tómas Þorvaldsson GK var í sínum fyrsta túr eftir girupptöku, sem tók um þrjá mánuði. Tímasetningin gat ekki verið betri má segja, áhafnar-meðlimir gátu þá sinnt fjölskyldum sínum á þeim tíma sem Grindvíkingar voru hraktir frá bænum sínum en sextán af 26 áhafnar-meðlimum eru með lögheimili í Grindavík.



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Siggí var staddur á Selvogsbankanum, sem er um tuttugu mílur vestan Surtseyjar og 40 mílum sunnan við Þorlákshöfn, þegar myndasímtalið átti sér stað, hægt er að nálgast það á vef VÍKURFRÉTTA. Siggí var að reyna við ufsa og túrinn vantaði einn dag í að verða tveggja vikna gamall.

„Skipið var búið að vera í þriggja mánaða viðhaldi, það var verið að taka girinn upp, síðasta löndun var 11. desember í Reykjavík og girupptakan fór fram þar. Þegar skip er búið að vera svona lengi frá tekur oft tíma að fá allt til að snúast rétt svo við fórum stutt, létum fara á Eldeyjarbankanum til að fá eitt-hvað niður í vinnsluna og sjá hvort allt væri ekki í lagi. Það gekk bara vel, við keyrðum svo í tólf tíma vestur eftir og á meðan var hægt að finnstilla vinnsluna og við vorum klárir þegar komið var á Vestfjarðarmið. Alltaf þegar nýtt kvótaár hefst, 1. september, er reynt við tegundirnar sem erfiðara er að ná í, eins og ufsa og grálúðu. Það þarf venjulega að hafa meira fyrir þeim tegundum, auðveldara alla jafna að ná í þorsk og karfa en við ákváðum að byrja í þorski fyrir vestan og það gekk bara nokkuð vel.“

Ekki sama mok

Þeir sem lesa vikulega pistla Gísla Reynissonar í VÍKURFRÉTTUM, aflafréttir, vita að mikil þorskveiði hefur verið hér í kringum Suðurnes og hafa bátarnir oft þurft að tví- og jafnvel þrílanda en nær þetta fiskerí líka til frystitogaranna?

„Það getur verið mokveiði í eitt veiðarfæri en ekkert í það næsta, upplifunin hjá línusjómanninum

allur þessi þorskur sem er verið er að tala um, hann er alla vega ekki hér hjá okkur en eins og ég segi, þetta er allt breytingum háð,“ segir Siggí.

Venjulegur túr um mánuður

Líf frystitogarasjómansins kallar á fjarveru frá fjölskyldu en venjulegur túr á Tómasi Þorvaldssyni GK er í kringum 30 daga. Þegar ekkert stórt viðhald er í gangi er miðað við að skipið nái þrettán túrum á ári. Í dag eru langflestir frystitogarar landsins með tveir áhafnir, það þýðir að skipið stoppar bara rétt til að landa og sinna nauðsynlegu viðhaldi og fer svo út aftur með nýrri áhöfn. Það er Þorbjörn í Grindavík sem gerir Tómas Þorvaldsson út og er frystitogarinn Hrafn Sveinbjarnarson einnig í flotanum.

Hvernig er hefðbundinn dagur á hafinu?

„Í venjulegu árferði sjáum við löndunardagana í nóvember og getum skipulagt okkur samkvæmt þeim. Við ætlum að prófa í ár að hafa lengri túra yfir sumarið, gerum líklega tvo 40 daga túra þá. Þetta eru öðruvísi túrar yfir sumarið, þá er meira verið að eltast við grálúðu sem kallar á minni vinnu því það er dregið lengur og vinnslan gengur hraðar fyrir sig, það er betra veður og hin áhöfnin fær þá gott sumarfrí á meðan.“

Ég kem að vestan, var á ísfisktogara á milli þess sem ég var í stýrimannaskólanum en ég flutti svo til Grindavíkur áramótin '89/'90 og byrjaði þá á Hrafn Sveinbjarnarsyni GK svo ég er



Siggí með eiginkonu sinni, Fanneyju Pétursdóttur.

getur verið allt önnur en hjá sjómanninum sem er með troll og svo öfugt. Loðnubresturinn í ár kemur við okkur en á sama tíma er búið að vera feiknarlegt fiskerí hjá línusjómanninum sem veiðir nær landi en við megum. Hjá okkur gildir tólf mílna landhelgin, við megum ekki veiða innan þeirrar línu. Hjá okkur, fyrir utan þá línu, er alls ekki svo mikið af þorski en þetta er allt breytingum háð. Þegar ég byrjaði á þessum veiðiskap, á Hrafn Sveinbjarnarsyni árið 1990, vorum við að mokveiða þorsk hér í köntunum á vertíðinni en það er enginn þorskur þar lengur. Þróunin undanfarnin ár hefur verið þannig að það er mokveiði uppi í harða landi og allir bátar undir 29 metrunum eru að fiska mjög vel. Við erum búnir að vera í tólf daga hér fyrir sunnan að reyna við ufsa og erum komnir með u.þ.b. tuttugu tonn af þorski með en það hefur líka verið talsvert af ýsu. Þetta er nokkuð blandaður afli en



Siggí með Vilhjálmum Lárussyni, kokki. Myndin er tekin um borð í Hrafn Sveinbjarnarsyni.



Stútfullur þokinn kominn inn fyrir.

„Þetta eru öðruvísi túrar yfir sumarið, þá er meira verið að eltast við grálúðu sem kallar á minni vinnu því það er dregið lengur og vinnslan gengur hraðar fyrir sig, það er betra veður og hin áhöfnin fær þá gott sumarfrí á meðan.“

búinn að vera lengi á svona veiðiskap. Það er mikill munur að vera á þessu skipi sem ég er á í dag eða vera á Hrafninum og sérstaklega áður en hann var lengdur. Það eru einhverjir tuttugu metrar á sekúndu í þessum töluðu orðum en skipið hreyfist ekki, menn vöknúðu oft með lakið vafið utan um sig á litla Hrafninum á sínum tíma svo það er ekki hægt að líkja þessu saman í raun. Hér eru allir með sérklefa fyrir sig og það fer miklu betur um mannskapinn að öllu leyti. Ég man þann tíma sem horft var á mánaðargamlar uppteknar fréttir í sjónvarpinu, það var eitt sjónvarp og videotæki í setustofunni og það var einn sími um borð. Þegar maður fór í Smuguna var ekkert samband, maður mátti þakka fyrir ef að skip kom með pósti að heiman, þá gat maður lesið bréf frá konunni. Í dag erum við alltaf í góðu netsambandi, getum horft á sjónvarp Símans svo við náum öllum boltanum má segja. Það hefur alltaf verið mikill áhugi á enska boltanum hér um borð, mikill ríður á milli manna en í góðu auðvitað.“

Lífið um borð

„Hefðbundinn dagur hjá mér er þannig að ég er venjulega vaknaður um átta leytið, kíkji upp og sé hvernig staðan er og leysi svo nafna minn af um hálf tíu leytið, við reynum að miða við að standa sitthvora tólf tímuna. Oft er ég kominn niður um hálf ellefu en þegar mikið fiskerí er kíkjum við niður í vinnsluna og hjálpum til. Mér finnst alltaf gaman að taka á því niðri í vinnslunni, þá er líf í tuskunum. Þegar ég er kominn af vakt reyni ég að kíkja í bók, við erum með fina líkamsrækt hér um borð og ég er nú alltaf á leiðinni að stunda hana meira. Við erum með heitan pott svo það fer vel um okkur en minn hugur er nánast stöðugt við vinnuna en maður reynir að slaka sér þegar færi gefst til.“



Heiti-potturinn hefur slegið í gegn hjá áhafnar-meðlimum.

Það var mikil breyting til hins betra fyrir hásetann þegar við fórum úr sex tíma kerfi yfir í átta tíma. Menn voru sem sagt að vinna sex tíma og voru í sex tíma í fríi en við tókum síðan upp átta tíma vaktakerfi, þannig hafa menn miklu meiri tíma fyrir sjálfan sig í fríi, geta horft á mynd, kíkt í pottinn eða ræktina og þeir hvílast líka miklu betur. Ég man að gömlu hundunum leist ekkert á þessar breytingar fyrst en nánast eftir einn dag á sjó voru þeir búnir að taka þetta nýja kerfi í sátt. Það eru þrjú vélstjórar, tveir þeirra standa tólf tíma vakt eins og við í brúnni, skipta klukkan sex og yfirvélstjórn stendur yfir daginn eins og ég. Mórallinn um borð hefur alltaf verið góður, ég hef verið með sumum hér frá upphafi á Hrafn Sveinbjarnar, t.d. Birni Oddgeirsyni, yfirvélstjóra. Þetta verður pínulítið eins og önnur fjölskylda manns. Við erum jú saman í u.þ.b. mánuð í senn og þá tengjast menn auðvitað ákveðnum böndum og blessunarlega hefur mórallinn alltaf verið góður hjá okkur, það skiptir mjög miklu máli. Ég er mjög ánægður með áhöfnina mína, þetta er hörkuduglegur mannskapur,“ sagði Siggí að lokum.



Fjórtán ára gerður að tilraunadýri eftir hræðilegt slys

Allt þaggað niður. Hönd saumuð við maga. Ótrúleg meiðsla- og veikindasaga Þórhalls Inga Sigurjónssonar úr Grindavík.

„Ég er til í að gera ansi margt ef ég get losnað við sársaukann,“ segir Þórhallur Ingi Sigurjónsson sem lenti í hræðilegu slysi þegar hann var fjórtán ára og bjó í Grindavík. Meðferðin á honum var og er lygi líkust og má segja að hann hafi verið gerður að tilraunadýri hjá lækni á Borgarspítalanum. Þórhallur er stöðugt kvalinn í dag, er ennþá að leita réttar síns og vill að ríkið kosti aðgerð sem framkvæmd er í Þýskalandi. Sú aðgerð á að geta linað þjáningar hans.

Þórhallur er sannfærður um að hafa kíkt hinum megin, hann varði þremur klukkustundum með sjálfum John Lennon og George Harrison kíkta meira að segja við. Þórhallur hafði lengi glamrað á gítar en við þessa uppljómun leysti hann tónlistargyðjuna í sér úr læðingi og hefur samið og tekið upp fjölda laga.

Út af líflínunni

Þórhallur man eins og það hafi gerst í gær, daginn örlagaríka 14. ágúst 1978, þegar hann var fjórtán ára gamall. Hann bjó á horni Austurvegs og Mánagötu í Grindavík, beint á móti knattspyrnuvelli. Föðurafi hans bjó í parhúsi við hliðina á fjölskyldu Þórhalls og var með smíðaverkstæði í bílskúrnum en hafði ekki tilskilin leyfi fyrir verkstæðinu eða vélunum sem þar voru. Þórhallur hafði oft verið að hjálpa til inni á verkstæðinu hjá afa sínum, sópaði gólfinn og tók til en fékk slæmt í hálsinn og var því bannað af lækni að vera inni á verkstæðinu. Föðurbróðir Þórhalls var þekktur smíður í Grindavík og kenndi smíði um tíma í grunnskóla Grindavíkur, hann var með öll tilskilin leyfi og var með lærling, sem var um títugt á þessum tíma, á samningi hjá sér. Þórhallur mun aldrei geta hugsað þá hugsun til enda hvað hefði gerst ef hann hefði ekki hlýtt kalli lærlingsins þennan örlagaríka dag.

„Ég man hvað veðrið var æðislegt þennan dag, sólin skein og ég var eitthvað að laga keðjuna á hjólinu mínu. Allt í einu kemur lærlingurinn, sem ég ætla ekki að nafngreina, hlaupandi út af smíðaverkstæðinu yfir bakgarðinn til mín og biður mig að koma og hefna nokkrar spýtur með sér en ég segi strax við hann að ég megi ekki vinna inn á verkstæðinu þar sem lækni var búinn að banna mér að gera það. Svo var ég auðvitað allt of ungur til að vinna þar. Hann gaf sig ekki, þrisvar sinnum sagði ég við hann að ég mætti ekki vinna inni á verkstæðinu en hann suðaði í mér þangað til að ég gaf eftir. Versta samþykki sem ég hef gefið, eða eins og ein andleg kona sagði við mig fyrir mjög mörgum árum síðan: „Þarna fórst þú út af þinni líflínu og ert trúlega ekki ennþá kominn á hana.“ Við fórum inn á verkstæðið og ég hjálpaði honum að hefna spýturnar. Að verkinu loknu slökkti hann á vélinni sem snerist áfram en hann gleymdi að



Myndin til vinstri er fermingarmynd af Þórhalli. Að ofan er tekin ári eftir slysið.

setja hlífina yfir. Svo kom frændi minn inn á verkstæðið og ég ætlaði að hlaupa til hans, hrasaði og setti hendina fyrir mig en beint í hefilinn. Ég man sársaukann og skelfinguna eins og þetta hafi gerst í gær, litli putti, baugfingur og langatöng tættust hreinlega, allt skinn, öll bein og liðamót frá handabaki að nöglum hurfu, neglurnar héngu einhvern veginn á því litla skinni sem var ennþá, þetta var alger hryllingur. Það sorglega við þetta allt saman var að afi var inni á verkstæðinu. Af hverju það lærlingurinn afa ekki um að hefna þessar djöfulsins spýtur með sér? Annað sem ég hef mikið hugsað út í, það hefði verið miklu betra ef öll höndin hefði farið í hefilinn og allir putturnir farið af, þá væri ég ekki í þeirri stöðu sem ég er í í dag og þessi saga væri í raun engin saga til að segja frá. Ég man hversu ofboðslegur sársaukinn var, afi fann skítuga tusku og vafði henni utan um höndina á mér, fór með mig

út á pall og kallaði á mömmu og sagði henni að ég þyrfti að fara á sjúkrahús því ég hefði sett höndina í hefilinn. Á þessum tíma var engin heilsugæsla eða sjúkrabíll í Grindavík, bara Ólafía hjúkrunarfræðingur sem var yndisleg kona. Mamma fékk líklega taugaáfall, fór að leita að lyklunum af bílnum en afi fór inn til sín. Ég hef mikið velt fyrir mér hvernig afi gat bara farið inn í íbúðina sína og gert ekki neitt, væntanlega hefur samviskan verið að naga hann en að geta horft upp á afabarnið sitt og hlustað á skelfingaröskrin í u.þ.b. korter án þess að gera nokkuð, ég hef aldrei getað skilið það. Lærlingurinn og frændi minn sem urðu líka vitni að þessu, að þeir skyldu ekki koma út og hugga þennan fjórtán ára dreng sem hafði lenti í hræðilegu slysi. Það er mér líka hulin ráðgáta af hverju þeir gerðu ekki neitt.“



Ég man sársaukann og skelfinguna eins og þetta hafi gerst í gær, litli putti, baugfingur og langatöng tættust hreinlega ...



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vfl.is



Rögnvaldur Þorleifsson, sem var einn ef ekki færasti skurðlæknir landsins á þessum tíma. Ég man óljóst eftir að hafa hitt hann, var náttúrulega í morfinvímu og búinn að vera í taugaáfalli vegna slyssins. Hann hreinsaði sárið, tók svo nál og stakk í endann á stubbum sem ennþá hékk og spurði mig hvort ég finndi til. Þarna er enn eitt augnablikið sem ég myndi vilja geta snúið svari eða ákvörðun við, ef ég hefði svarað að ég finndi ekkert, hefði Rögnvaldur væntanlega tekið ákvörðun um að taka alla puttana af. Í staðinn hófst í raun hræðilegri martröð en ég var nýbúinn að upplifa,“ segir Þórhallur.

Tilraunadýr

Af því að Þórhallur sagðist finna fyrir nálarstungunni má segja að hann hafi breyst í tilraunadýr á því augnabliki. Hann man ekki eftir sér fyrr en um miðjan næsta dag, þegar hjúkrunarfræðingur stóð yfir honum og sagði: „Ekki hreyfa hægri höndina, hún er saumuð föst við magann á þér.“

Þórhallur vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið, fjórtán ára, aleinn án mömmu sinnar og mátti ekki hreyfa hægri höndina því hún var saumuð föst við magann á honum. Rögnvaldur læknir hafði tekið ákvörðun um að græða skinn af maga Þórhalls á puttana og því var farið út í þessa tilraunastarfsemi. Svona aðgerð hafði aldrei verið framkvæmd á Íslendingi að best er vitað. Það ótrúlega er að ekkert samráð var haft við móður Þórhalls og svona mátti hann dúsa í þrjár vikur. Pabbi Þórhalls, Sigurjón, hafði verið á sjó þegar slysið átti sér stað og þegar hann kom í land kíkta hann á son sinn á sjúkrahúsinu.

„Pabbi heimsótti mig einu sinni þegar ég lá á sjúkrahúsinu, annars var hann bara á sjónum, svona var þetta á þessum tíma en svo kom hann þegar ég var útskrifaður. Ég var í þrjár vikur á spítalanum, ég fékk sem betur fer heimsóknir frá félögum mínum og Ingólfur móðurafi minn heimsótti mig líka oft. Ég var eina barnið þarna og fannst spennandi þegar karlarnir sem voru með mér á stofu, sendu mig niður í sjoppu að kaupa sígarettur og sælgæti. Þarna prófaði ég að reykja í fyrsta skipti, með hægri höndina saumaða fasta við magann á mér og líklega byrjaði ég að reykja á þessum tíma en áður en ég lenti í slysinu hataði ég reykjar.“

Sjúkrahús og skripaleikurinn hefst

Helga Þórunn Ingólfssdóttir, móðir Þórhalls, fann loksins lyklna að bílnum, þeir voru í svissinum allan tímann. Afí Þórhalls kom út og settist í framsætið en Þórhallur var kominn í aftursætið. Helga leit á afann og spurði í forundran; „ætlarðu ekki að setjast aftur í hjá drengnum?“ Afinn svaraði með nei-i, þetta væri betra svona og þau lögðu í ann, þau fram í og Þórhallur hágrátandi í aftursætinu. Þessi bílferð rennur Þórhalli seint úr minni, hann var sárkvalinn og óskraði í sífellu á móður sína að keyra hraðar. Þegar komið var á sjúkrahúsið í Keflavík var enginn læknir á vakt, Þórhallur ráfaði um gangana sárkvalinn með tusku vafða utan um höndina á sér en á þessum tíma var mamma hans ekki búin að sjá hversu illa höndin á syni hans var útleikin. Eftir um klukkustund mætti loksins læknir og þá voru um tveir tímar liðnir frá slysinu. Þórhallur var búinn að ákveða með sér að hann ætlaði ekki að horfa aftur upp á höndina á sér og man skelfingar- og hryllingssvipinn á læknum þegar hann tók tuskuna af höndinni.

„Því miður leit ég aftur á höndina á mér, þvílíkur hryllingur að sjá þetta fjórtán ára gamall. Mamma sá höndina líka og fékk væntanlega endanlega taugaáfall og enn þann dag í dag skil ég ekki hvernig þessum lækni gat dottið í hug að láta mömmu keyra mig inn á Borgarspítala í Reykjavík. Læknirinn í Keflavík hreinsaði sárið og setti hreinar umbúðir utan um, sagði svo við mömmu að það þyrfti að taka puttana af mér. Sem betur fer gaf hann mér morfin, þvílíka sælutilfinningu hafði ég ekki upplifað, að losna við sársaukann. Við keyrðum því til Reykjavíkur, ég í sælúvímum í aftursætinu og mamma og afi fram í. Það var greinilega svipuð staða þá í heilbrigðismálum, við þurftum að bíða í tvo til þrjá tíma niðri áður en læknir hittu okkur. Loksins kom svo læknirinn,

Ég þurfti ekki fleiri skurðaðgerðir á þessum tíma, ég þurfti að vinna andlega úr áfallinu sem ég hafði lent í. Ég hélt samt áfram að reyna fá bót meina minna og fór aftur í aðgerð árið 2017. Þá var langatöngin, sem hafði verið skökk og snúin, stytt. Við þá aðgerð versnaði ég bara. Allt kom fyrir ekki og allir þessar lækningar sáu sæng sína upp reidda gagnvart mér, þeir gátu ekki hjálpað mér svo ég endaði hjá verkjateyminu á Landspítalanum. Þessi deild er fyrir fólk sem er með stöðuga verki og þarna upplifði ég bestu og sérstökustu lífsreynslu sem ég hef nokkurn tíma upplifað. Mér voru gefnar þrjár sprautur með deyfilyfjum beint í æð og ég vissi ekki fyrr en ég var kominn á annað tilverustig og var þar í þrjú klukkutíma. Ég er sannfærður um að hafa farið hinum megin og sá fyrsti sem ég hitti var John Lennon. Ég hef aldrei upplifað aðra eins alsælu, ást og hlýju. Ég hafði alltaf hlustað á Bítlanu og Lennon var í uppáhaldi hjá mér en hann komst í nýjar hæðir þarna hjá mér. Þarna var hann í allri sinni dýrð og ekki nóg með það, George Harrison kom líka, pollrólegur eins og hans var von og vísa en Lennon var í því líkum gir. Ég fann síðan hvernig ég var að detta til baka en náði með hugarorkunni að fara aftur til Lençons. Þetta gerðist í nokkur skipti en að lokum datt ég úr vímunni og vaknaði. Hjúkrunarfræðingurinn horfði einkennilega á mig. Ég mundi allt sem hafði gerst og þegar lækningarnar kom að athuga með mig sagði hann að ég hefði látið hjúkrunarfræðingana fá nett taugaáfall, ég hefði verið að tala við John Lennon allan tímann.“



Þórhallur eignaðist gítar fyrir tvítugt, hann segir að tónlistin sé búin að halda mér gangandi undanfarin ár.

Skálddagaýjan heimsækir Þórhall

Ástæða þess að lækningarnar gáf Þórhalli þessar þrjár sprautur var sú að hann var að reyna opna fyrir taugaendana. Hann fór til annars sjúklings eftir að hafa gefið Þórhalli sprauturnar en fékk síðan símhringingu frá hjúkrunarfræðingunum, þær voru logandi hræddar því Þórhallur var í hrókasamræðum á ensku við John Lennon. Lækningarnar heyrði í gegnum símann

hvað Þórhallur sagði og eftir að hann var vaknaður sagði lækningarnar honum hvað þetta hefði verið sérstök upplifun fyrir sig. Hann hefði séð marga upplifa eitthvað nýtt en aldrei hefði hann séð annað eins og hjá Þórhalli, sem er sannfærður um að hafa verið á meðal þeirra sem hafa yfirgefið þetta tilverustig.

Þórhallur eignaðist gítar fyrir tvítugt, hann hafði ekki mikið verið að reyna semja en við þessa upplifun losnaði eitthvað úr læðingi. Lennon birtist Þórhalli oft í draumum og hefur hann samið lög sem hann tileinkar goðinu sínu.

„Ég myndi segja að tónlistin sé búin að halda mér gangandi undanfarin ár, þetta gefur mér ofboðslega mikið. Ég hef orðið þess heiðurs aðnjótandi að fá að vinna tónlistina mína með þeim feðgum, Jóhanni Ásmundssyni og Ásmundi syni hans. Þeir reka stúdíó rétt fyrir utan Sandgerði sem heitir Paradís. Þeir feðgar eru algjörir snillingar, mér finnst mjög gott að vinna með þeim. Ég man ekki alveg hvað ég er búinn að gefa mörg lög út, ég er með helling af hugmyndum sem ég á eftir að vinna betur úr og taka upp. Eigum við ekki að segja að draumurinn sé að gefa út plötu. Mér hefur þótt þægilegra að semja á ensku en þarf að reyna gera meira af því að semja á íslensku, það er eðlilegra að semja á okkar ylhýra fyrir landa mína. Ég geri ekki ráð fyrir að fara í útrás með tónlistina mína en þó veit maður aldrei. Ég vil helst ekki gera upp á milli laganna minna en vil þó minnast á lagið Calling Johnny, það fjallar um samtalið mitt við Johnny Cash en hann lenti í áfalli í æsku þegar hann missti bróður sinn í slysi“, segir Þórhallur.

Æxli, fyrirgefning og varanleg lausn í Þýskalandi

Í þessu viðtali var komið inn á veikindin í maganum sem Þórhallur fór að finna fyrir eftir að hann hóf nám í Vélskólanum. Hann hafði alltaf fundið fyrir því af og til og þegar verkirnir voru farnir að ágerast árið 2019 fór hann í frekari rannsóknir og í ljós kom risavaxið æxli sem var fjarlægð með skurðaðgerð. Ekki var vitað hvort æxlið væri ill- eða góðkynja og það var sett í ræktun. Aldrei hafði annað eins æxli sést hér á landi og tók heila tólf daga að rannsaka það, sem betur fer reyndist æxlið góðkynja.

Þórhallur er að hugleiða hvort hann eigi að prófa aðgerð þar sem rafskauti verður komið fyrir utan á mænunni. Hleðslukubbi

er komið fyrir neðarlega í bakinu á honum og tvisvar sinnum á dag þarf að hlaða kubbin, í klukkustund í hvort skipti. Þórhallur er með efasemdir með þessa aðgerð enda bara 50% líkur á fullum bata. Ef draumar hans rætast fer hann til Þýskalands. Hann hefur komið auga á handlæknastofu, Handzentrum, sem sérhæfir sig í handaáverkjum en svona aðgerð kostar mikið og peninga á hann ekki í bílförnum eftir að hafa verið á örorkubótum undanfarin ár.

Vítahringur

„Þessi aðgerð með rafskautið við mænuna er eitthvað sem ég hef mínar efasemdir um. Þeir segja að ég þurfi fyrst að skrá mig í meðferð inn á Vog til að hætta svefntöfluáti en hvað á ég að gera? Ég get ekki sofnað fyrir verkjum nema ég taki svefntöflur en mest hef ég tekið níttján svefntöflur á einni nóttu. Ég er kominn í stóran vítahring með þetta og veit satt best að segja ekki hvað ég á að gera. Ég er alltaf bestur fyrri part dagsins á meðan svefntöflurnar eru ennþá í mér. Á kvöldin er ég venjulega viðþolslaus af verkjum og verð að taka svefntöflur bara til að geta róað mig niður. Fyrir síðustu aðgerðina árið 2017 var ég að taka hálf til eina svefntöflu en eftir hana er ég bara alltaf að drepa í hendinni og verð að taka fleiri.“

Ég kom mér í samband við lækna miðstöð í Köln í Þýskalandi, Handzentrum, sem sérhæfir sig í handaáverkum. Ég er búinn að

”
Ef ég hafði fundið fyrir sársauka eftir slysið, var það í raun barnaleikur við hliðina á þeim vítiskvölum sem ég fann þarna á bekknum. Ég öskraði hreinlega úr sársauka ...



senda þeim allt um slysið mitt og þeir vilja ólmir fá mig út, þeir segjast aldrei hafa séð annað eins. Þeir geta auðvitað ekki lofað neinu en vilja fá að reyna. Þetta kostar bara mikinn pening. Ég vona að landlæknir vilji skoða mitt mál, ég veit að landlæknisembættið getur skoðað öll mál, þau fyrnast ekki. Ég hef hingað til fengið höfnun frá landlækni og heilbrigðisráðherra en ég ætla ekki að gefast upp.

Ég finn í hjarta mínu að ég vil geta fyrirgefið öllum sem eiga þátt að máli. Þegar ég hitti sérfræðing í höfuðbeina- og spjaldhryggjameðferð, en þessi kona er skyggn, spurði hún mig á meðan ég lá á bekknum hvort mér þætti Rögnvaldur hafa gert mig að tilraunadýri. Ég játti því og þá sagði hún mér að Rögnvaldur væri hjá sér og honum þætti þetta mjög leitt. Hann sagði að þegar ég lenti í slysinu hafi verið svo lítið vitað um taugar, tveimur til þremur árum síðar hafi verið komin miklu meiri vitneskja og ef ég hefði lent í slysinu þá hefði hann aldrei framkvæmt þær aðgerðir á mér sem hann gerði. Hann bað mig um fyrirgefningu og ég sagðist fyrirgefa honum. Eftir það grét ég eins og krakki og Rögnvaldur gerði það víst líka hinum megin. Eftir á að hyggja finn ég því miður að ég hef ekki alveg náð að fyrirgefa en ég er að vinna í því daglega og vil geta fyrirgefið öllum allt. Það er ekki gott að þurfa líka að burðast með hatur, nægur er víst þakinn sem ég þarf að burðast með“, sagði Þórhallur að lokum.



Svona lítur hægri hönd Þórhalls út í dag. Aðgerðir voru gerðar á litla fingri, baugfingri og löngutöng

LAUSAR STÖÐUR Í STÓRU-VOGASKÓLA

Vegna ört stækkandi sveitarfélags og fjölgunar nemenda í Stóru-Vogaskóla vantar okkur kennara og starfsfólk í eftirfarandi stöður:

- Umsjónarkennara á yngsta- og miðstigi
- List- og verkgreinakennara
- Íþróttakennara
- Dönsku- og sérkennara
- Stuðningsfulltrúa
- Frístund
- Bókasafnskennara/bókasafnsfræðing 50%

Stóru-Vogaskóli er 200 barna grunnskóli þar sem skólastarf er í senn metnaðarfullt og faglegt. Einkunnarorð skólans eru virðing, vinátta og velgengni sem endurspeglast í daglegu starfi í skólanum. Í skólanum er góður starfsandi og hefur skólinn á að skipa öflug og áhugasömu starfsfólki.

Skólinn er staðsettur í einstöku umhverfi í nálægð við fjölbreytta náttúru. Stóru-Vogaskóli er Grænfánaskóli.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leyfisbréf til kennslu skal fylgja umsókn
- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Frumkvæði, sjálfstæði og faglegur metnaður
- Færni í samvinnu og teymisvinnu
- Jákvæðni og sveigjanleiki í samskiptum
- Ábyrgð og stundvísni
- Áhugi á að starfa með börnum

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara.

Umsóknarfrestur er til 5. apríl og skulu umsóknir berast á netfangið hilmar@vogar.is

Nánari upplýsingar veitir Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri í síma 440-6250.



VOGAR
– vinalegur bæur

Góður andi á Erlingskvöldi

Vel sótt Erlingskvöld var haldið í Bókasafni Reykjanesbæjar í síðustu viku þar sem þrjú rit höfundar lásu upp úr nýjstu bókum sínum en áður en höfundur var hleypt að flutti djass-söngkonan Birta Rós Sigurjónsdóttir þrjú lög eftir Nina Simone og lék gítarleikarinn Sveinbjörn Ólafsson með henni. Birta mun halda tónleika til heiðurs Nina Simone næsta haust en þeir eru hluti af Tónleikaröð Ellýjar sem bókasafnið er samstarfsaðili að.

Ásmundur Friðriksson reið á vaðið og honum til fulltingis var Sigurður Friðriksson, Diddi Frissa. Þeir sögðu frá bók Ásmundar, Lífs-saga Didda Frissa – öflugur til sjós og lands. Bókin segir frá æviferli Didda Frissa sem er þjóðsagnapersóna suður með sjó og var kominn til sjós tólf ára gamall. Fáir höfðu trú á honum, enda lítill skilningur

MENNING

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is



Ásmundur Friðriksson og Diddi Frissa sögðu frá ýmsu skemmtilegu sem kemur fram í Lífs-sögu Didda Frissa.

á lesblindu, ofvirkni og athyglisbresti á þeim árum og á hverju ári var hann rekinn úr skólanum.



Rithöfundurinn og jógakennarinn Marta Eiríksdóttir las upp úr ástarsögu sem hún gaf út á síðasta ári.

Næst var komið að Mörtu Eiríksdóttur en hún gaf út tvær bækur á síðasta ári, Ástin er hunangið í blómi lífsins og Tendraðu gyðjuna innra með þér. Marta las úr bókinni Ástin er hunangið í blómi lífsins sem er falleg ástarsaga og segir frá íslenskri konu sem fær nóg af drykkfelldum sambýlismanni sínum og ákveður að flytja til Noregs á vit ævintýrana þar sem hún ræður sig á bóndabæ hátt uppi í fjöllum hjá gömlum hjónum.

Einn vinsælasti höfundur landsins, Auður Jónsdóttir, sló botninn í dagskrá kvöldsins en hún las upp úr bók sinni Högni sem er hárbætt og bráðfyndin samtímasaga um Högna sem leitar svölunar í faðmi kvenna á börum bæjarins eftir erfiðan skilnað og verður skyndilega umdeildasti maður landsins og er knúinn til að horfast í augu við sjálfan sig.

Auður er margverðlaunaður höfundur. Fyrsta skáldsaga hennar, Stjórnlaus lukka, kom út árið 1998 og var tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna. Síðan þá hefur hún sent frá sér fjölda verka, bæði fyrir börn og fullorðna, og



Auður Jónsdóttir, barnabarn Nóbelskáldsins, las úr nýjstu skáldsögu sinni við góðar undirtektir.

hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir verk sín og tvegis verið tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs.

Það var vel við hæfi að Auður skildi ljúka dagskránni en hún á ekki langt að sækja skáldagafuna og tengist Erlingskvöldi á vissan hátt því upphafið að Erlingskvöldum má rekja til þess þegar Erlingur Jónsson, fyrrverandi bæjarlistamaður Keflavíkur, gaf

bókasafninu listaverkið Laxness-fjóðrin árið 2002. Sama ár skrifaði Auður bókina Skrýtnastur er maður sjálfur um afa sinn, Halldór Laxness. Bókin hlaut viðurkenningu Upplýsingar, félags íslenskra bókasafnsfræðinga, sem besta fræðibók fyrir börn sem út kom á árinu 2002.

Eftir upplesturinn spjölluoðu höfundar og gestir saman yfir kaffi og konfektí.



Birta Rós Sigurjónsdóttir og Sveinbjörn Ólafsson opnuðu dagskrána með lögum Nina Simone. VF/JPK

MYNDSKEIÐ
Í RAFRÆNNI ÚTGAFU VÍKURFRÉTTA



Gestir nutu þess að hlýða á upplestur höfundanna.

Samstarf um fræðslu- og kynningarmál í Reykjanes jarðvangi

Á annan tug kennara frá Suðurnesjum og Króatíu skiptust á heimsóknunum til landanna

Nýverið var undirritaður þjónustu- og samstarfssamningur milli Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum, Reykjanes UNESCO Global Geopark og GeoCamp Iceland sem er ætlað að efla og styrkja fræðslu- og kynningarstarf innan jarðvangsins.

Samkvæmt samningnum mun GeoCamp Iceland á komandi tveimur árum sinna sértækum verkefnum sem snúa að fræðslutengdum verkefnum, umsóknunum í þróunarsjóði og kynningarstarfi, sér í lagi innan skóla og menntastofnanna á Reykjanesinu. Þá mun GeoCamp Iceland taka að sér að kortleggja fræðslu- og menntatengd verkefni, námsframboð og skólastarf innan svæðisins, sér í lagi þá starfsemi sem nýtir sér nærumhverfið og auðlindir svæðisins til kennslu í náttúrufræði og STEM-greinum.

Kennaraferðir í evrópska jarðvangi

Eitt af þeim verkefnum sem GeoCamp Iceland heldur utan um fyrir hönd SSS er styrkur sem sóttur var til Erasmus+ menntaáætlunar Evrópusambandsins og er ætlað að styrkja náttúrufræðikennslu, útikennslu og STEM-fög í jarðvangnum.

Landsskrifstofa Erasmus+ á Íslandi veitti ferðastyrki fyrir allt að átján grunnskólakennara af Suðurnesjunum til að sækja vikulangar vinnustofur í evrópskum jarðvöngum en fyrsta ferðin var farin til Danmerkur í lok mars.



Stóru-Vogaskóli hefur tekið þátt í Erasmus+ verkefnum (áður Comenius) á vegum Evrópusambandsins í rúman áratug og fyrir tveimur árum heimsóttu nemendur úr áttunda bekk franska skólann Collège Jean Mounies.

Þar voru tveir jarðvangar heim sóttir, auk þess sem þátttakendur kynntu sér náttúrufræðikennslu í dönskum grunnskólum á árlegu Big Bang ráðstefnunni sem fór fram í Óðinsvéum dagana 20. til 21. mars.

Þess má geta að GeoCamp Iceland hefur nýverið lokið þátttöku í verkefni sem miðar að innleiðingu STEM-greina í króatískum grunnskólum og var styrkt af Uppbyggingarsjóði EEA/EFTA. Einn þáttur þess verkefnis var að tengja saman kennara og sérfræðinga á Íslandi við skólastjórnendur og kennara í Króatíu.

Sem liður í verkefninu fóru á annan tug kennara og sérfræðinga frá Íslandi í fjórar ferðir til Króatíu á síðasta ári, þar á meðal frá sex grunnskólum á Suðurnesjum. Þessir skólar tóku að sama skapi á móti sambærilegum fjölda króatískra kennara í fjórum heimsóknunum þeirra til Íslands. Samstarfsskólar verkefnisins á Suðurnesjunum voru Stapaskóli, Heiðarskóli, Háaleitisskóli, Akurskóli, Grunnskólinn í Grindavík og Gerðaskóli, auk Þekkingarsetursins í Sandgerði.

Aðalskipulag í Reykjanesbæ



Umhverfis- og skipulagsráð Reykjanesbæjar samþykkti á fundi 15. mars 2024 að auglýsa eftirfarandi breytingartillögur í samræmi við 30. og 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bolafótur

Sveitarfélagið Reykjanesbær kynnir lýsingu við breytingartillögu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035 þar sem gert er ráð fyrir að stækka miðsvæði M11 inn á opið svæði OP2. Gert er ráð fyrir að svæði M11 stækki um 1,3 ha inn á grænt svæði OP2, opið svæði við Njarðvíkurskóga. Svæði OP2 minnkar um 1,3 ha, fer úr 44,5 ha í 43,2 ha.

Aðaltorg

Sveitarfélagið Reykjanesbær kynnir lýsingu við breytingartillögu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020 - 2035. Breytingin felst í því að stækka landnotkunarreit Miðsvæði 12 (M12) til norðurs og austurs um 4,25 ha og auka heildarbyggingarmagn í 100.000 m² með heimild fyrir 450 íbúðum. Með breytingu þessari mun nýtingarhlutfall fara úr 0.2 í 0.6. Fyrirhuguð stækkun tekur til skipulagssvæða M12 og OP9 norðan Aðalgötu, austan við Reykjanesbraut og vestan við Heiðarskólalhverfi (ÍB1). Farið verður inn á opið svæði OP9 um 4,25 ha og miðsvæði (M12) verður 16,3 ha.

Gögn eru aðgengileg á heimasíðu Reykjanesbæjar og einnig á skipulagsgátt skipulagsstofnunar. Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 10. apríl 2024. Skila skal inn skriflegum athugasemdum á netfang skipulagsfulltrúa skipulag@reykjanesbaer.is eða gegnum skipulagsgátt skipulagsstofnunar.

Reykjanesbær 27. mars 2024

Hvers vegna bygging íbúðarhúsa í grænum svæðum myndi skaða umhverfið og samfélagið

Reykjanesbær stendur frammi fyrir mikilvægrri ákvörðun um framtíð grænna svæða innan bæjarmarkanna. Eitt svæði, afmarkað með rauðum línunum á meðfylgjandi mynd, hefur vakið sérstaka athygli. Þetta svæði, sem nú þegar er notað fyrir útivist og íþróttir, er í hættu á að missa sitt eðlilega umhverfi og þau gildi sem þau veita bæjarbúum ef áform um breytingu á landnotkun frá grænu svæði í svæði undir íbúðarbyggð verða að veruleika.



Svæðið í umræðu er nú notað til margs konar útivistar. Stígurinn sem liggur við hliðina á því, þar sem bæjarbúar nota til útivistar og njóta fegurðar náttúrunnar, myndi glata sínum einstaka sjarma ef íbúðabyggð kæmi í stað gróðursins. Auk þessa myndi þurfa að fjarlægja hluta af frisbílgölfvelli í Njarðvíkurskóg sem er vinsælasti frisbílgölvöllur á Suðurnesjum sem og fjallahjólbraut sem er í töluverðri notkun. Bæði eru mikilvægur hluti af frístundalífi íbúa.

Þá er hér um að ræða svæði sem bærinn hefur þegar skipulagt sem grænt svæði með framtíðaráætlun um uppgræðslu skógar. Svæði sem nú þegar samanstendur af næstum helming þroskaðra trjáa í Njarðvíkurskógi. Þessi mögulega breyting á skipulagi, frá grænu svæði til

svæðis undir íbúðabyggð á einum af fáum stöðum sem ætlað er til undir skóg, er umhugsunarverð.

Náttúrufar svæðisins einkennist að mestu af hrauni, sem gerir gróð-



Mynd af svæðinu úr skipulagslýsingu er merkt með rauðum línunum.

ursetningu trjáa og annars gróðurs erfðari. Stór hluti af trjám og graslendi eru í þeim hluta sem nú er til umræðu til að byggja á. Þessi blanda af gróðri og hrauni skapar vistkerfi sem er sérstakt fyrir þetta svæði og veitir fjölbreytileika sem er mikilvægur fyrir bæjarlífið og umhverfið í heild sinni.

Að breyta þessu svæði í svæði undir íbúðabyggð myndi ekki aðeins valda óafturkræfum umhverfisskaða heldur einnig rýra lífsgæði



Mynd af umræddu svæði.

íbúa með því að fjarlægja útivistar- og íþróttamöguleika sem þeir hafa vanist og njóta á hverjum degi.

Samfélagið þarf að íhuga vandlega langtímaáhrif slíkrar þróunar og vega og meta gildi grænna svæða á móti þörfum fyrir aukna

íbúðarbyggð. Því er mikilvægt að bæjarbúar komi að þessari ákvörðunartöku, þar sem að það er þeirra umhverfi og lífsgæði sem eru í hættu.

Björn Gunnarsson

Störf í boði hjá Reykjanesbæ

Umhverfismiðstöð - Sumarstörf

Umhverfismiðstöð - Sumarstörf í skógrækt

Umhverfismiðstöð - Umsjónarmaður sumarstarfa

Velferðarsvið - Dagdvalir aldraðra

Velferðarsvið - Starfsfólk á heimili fatlaðra barna

Velferðarsvið - Sumarstarf í íbúðarkjarna

Velferðarsvið - Heima- og stuðningsþjónusta, sumarafleysingar

Velferðarsvið - Félagsráðgjafi í barna- og fjölskylduteymi

Velferðarsvið - Búsetuúrræði fyrir fatlaða

Akurskóli - Proskapjálfi

Fjármála- og stjórnsýslusvið - Launafulltrúi

Leikskólinn Holt - Aðstoðarleikskólalastjóri

Tjarnarsel - Deildarstjóri

Viltu starfa hjá Reykjanesbæ? - Almenn umsókn

Umsóknir í auglýst störf skulu berast rafrænt gegnum vef Reykjanesbæjar. Þar eru jafnframt nánari upplýsingar um auglýst störf. Hægt er að notast við QR kóða til að fara beint inn á vefinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS



Fékk loksins að kyssa stelpu án þess að vera sleginn eða sparkað í mig

Sigurbjörn Arnar Jónsson var fermdur í Keflavíkarkirkju árið 1990 og prestur var séra Ólafur Oddur Jónsson heitinn.



Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Besta kökuveisla sem ég hef verið í og líka fermingarferðalag í Skálholt. Fékk þá loksins að kyssa stelpu án þess að vera sleginn eða sparkað í mig.

Af hverju léstu ferma þig?

Það var bara eitthvað sem allir gerðu. Hugsaði ekkert um trú í þeim skilningi á þessum tíma. Það kom síðar, allnokkru síðar.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn, presturinn og kirkjan?

Osköp hefðbundinn, fermingarfræðsla, ferðalag yfir helgi í Skálholt, skyldumæting í nokkrar messur þar sem við vorum stundum með smá skyldur í sjálfri messunni eins og lesa texta og svoléiðis.



Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?

Já, héldum veislu í húsnæði Björgunarveitarinnar í Njarðvík. Þar sem þetta var mín veisla sérpantaði ég nokkrar kökur sem mamma gerði ásamt fleiri ljúffengum tertum sem voru svo uppstaða máltíða næstu nokkra daga eftir. Er enn þann dag í besta kökuveisla sem ég verið í. Þetta er ein af þeim ljúfu minningum sem ég á um mömmu, hvað hún og amma lögðu sig mikið fram með þetta flotta veisluborð þar sem allar mínar óskir rættust.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Fékk hljómborð frá foreldrum mínum og svo þetta hefðbundna eins og nokkur pennasett og svefnpoka. Einnig nokkrar bækur sem vöktu ekki mikinn áhuga þá en eru eigulegar í dag. 35.000 í peningum sem ég nýtti sem gjaldeyri í utanlandsferð sem ég fór með foreldrum mínum sama sumar. Hljómborðið kveikti minn áhuga á píanói og á ég gott og vandað píanói í dag.

Manstu eftir fermingarfötunum eða klippingunni/greiðslunni?

Svartar buxur, hvít skyrtta, marglita bindi og ljósbrúnn jakki. Hárið var svo sem bara eðlilega



greitt. Var ekki enn búinn að upp-götva „Studio line for glory hair“ eða froðu, sem átti eftir að verða mikið notuð frá og með 1992 þegar gúmmítöffarinn kom og Elvis skömmu síðar.

Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur?

Ekki á þessu ári nei sem ég veit um. En maður er nú á þeim aldri að vinir manns eiga margir börn á fermingaráldri svo þetta hefur kannski verið einn á ári undanfarin ár með einhverjum núllárum líka.



Elskuleg móðir okkar, stjúpmodir, tengdamóðir, amma og langamma,

EMILÍA SVAVA ÞORVALDSDÓTTIR,
áður til heimilis að Greniteigi 32, Keflavík,

lést á Hrafnistu Nesvöllum miðvikudaginn 13. mars.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Guðmundur Óli Jónsson Ingibjörg Samúelsdóttir
Elin Jónsdóttir Griffin Tommy C. Griffin
Laufey Jónsdóttir Sasaki Ryan Kent Sasaki
Styrmir Geir Jónsson Ágústa Kristín Grétarsdóttir
Magnús Jónsson Hrönn Þorsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn

Skortur á spennumyndum

- segir Einar Michaelsson, 21 árs gamall kvikmyndagerðarmaður, sem vill eiga sinn þátt í að breyta íslenskri kvikmyndagerð.



Einar Michaelsson, 21 árs nemandi í kvikmyndagerð kláraði nám í Kvikmyndaskóla Íslands fyrir skemmtu og gerði stuttmyndina Hversdags gambítur sem útskriftarverkefni. Myndin hefur vakið talsverða athygli, sér í lagi fyrir að hampa Boga Ágústssyni sem illmenni í einu af aðalhlutverkunum.

Einar hefur búið í Innri-Njarðvík frá sex ára aldri en hann bjó Keflavík fyrir þann tíma. „Ég er sko héðan, algjörlega,“ segir hann í upphafi spjalls okkar.

Eftir nám í Fjölbrotaskóla Suðurnesja skráði Einar sig í tveggja ára nám í Kvikmyndaskóla Íslands.

„Það var gaman. Það var ekkert annað nám sem kom til greina ef ég á að segja satt. Maður var alltaf að horfa á bímyndir og ég var eiginlega búinn að ákveða mjög ungur hvað ég ætlaði að gera. Mér datt það í hug þegar ég var svona átta ára að það væri örugglega gaman að búa til bímyndir þegar ég yrði fullorðinn.“

Og þú hefur staðið við það og haldið þinni stefnu.

„Já, ég var alveg fastur á þessu, að ég ætlaði að gera bímyndir. Svo dofnadi stuttmyndagerðin smá þegar ég kom í FS. Mér þótti það svolítið leiðinlegt að það var ekkert í gangi þar, engin tímar, enginn kvikmyndaklúbbur eða neitt. Eftir að ég hætti þá byrjaði Kári félagi minn með kvikmyndaklúbb þar en sá klúbbur er ekki lengur til held ég, mér skilst að hann hafi verið eini drifkrafturinn á bak við þetta.“

Eftir að ég kláraði skólann heyrði ég að það væri hægt að sækja um í kvikmyndaskóla í bænum og þá ég gerði það strax. Þar fór ég í nám í leikstjórn og handritagerð, það voru svona helstu fögin en svo fær maður auðvitað að prófa ýmislegt annað, við tókum leiklistaráfanga og svoleiðis.“

Hvert stefnir svo hugurinn?

„Ef mann dreymir stórt þá væri það að búa til stórar bímyndir alla daga en ég væri til í að fá að klippa og leikstýra alla daga, það er aðeins raunsærra markmið. Stórar bímyndir eru samt alltaf lokatakmarkið og ég tel mig nógu ákveðinn til að ná því á endanum.“

Hversdags gambítur

Lokaverkefni Einars úr Kvikmyndaskólanum var stuttmyndin Hversdags gambítur sem er spennmynd í anda mynda Quentin Tarantino.

„Hún er svolítið ólík öðrum útskriftarmyndum sem voru gerðar,“ segir hann. „Hún er svolítið löng,



Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

”

Sko, það voru ekki margir sem trúðu á mig þegar ég byrjaði á að minnst á þetta en hann var eiginlega fyrsti maðurinn sem mér datt í hug fyrir þetta hlutverk ...

vinnu og skóla. Svo það var mjög erfitt að hitta á þegar hann væri laus, þetta þurfti að vera vel skipulagt. Einn daginn gat annar leikarinn komið á milli tíu og tvö en hinn tólf og fjögur, þá höfðum við tveggja tíma glugga á milli tólf og tvö til að taka upp.“



margir tókustaðir og margir leikarar – mikið í hana lagt. Flestar þessar útskriftarmyndir eru rólegar og fylgja bara einni persónu, voða mikil dramatík. Þá var stefnan mín að gera eitthvað akkúrat öfugt, gera eins stóra „action“-mynd og var í boði. Við að vísu svindluðum kannski smá, í skólanum fær maður fjóra tókudaga til þess að klára að taka upp svona útskriftarmynd af því að græjurnar eru ekki í boði það lengi – en við áttum allar græjur sjálfir þannig að við lengdum tókutímann upp í ellefu daga.

Það var reyndar hægara sagt en gert. Það var mikið af hlaupum fram og til baka, mér finnst ég hafa lært mikið af þessum tókum um hvernig það er í alvörubransanum því ég var með tvo aðalleikara. Annar aðalleikarinn, hann Andri, er að þjálfra íþrótt, er í leikhóp,



Mafiufoinginn Bogi Ágústsson

Það kom mér skemmtilega á óvart að sjá fréttamanninn Boga Ágústsson í burðarhlutverki í myndinni. Ef við byrjum á því, hvernig datt þér hann í hug og hvernig fékkstu hann í þetta?

„Sko, það voru ekki margir sem trúðu á mig þegar ég byrjaði á að minnst á þetta en hann var eiginlega fyrsti maðurinn sem mér datt í hug fyrir þetta hlutverk. Ég hugsaði: „Bogi Ágústsson, hann gæti verið flottur vondi gæinn minn.“ Það hlógu náttúrulega allir að mér. „Bogi Ágústsson? Fréttamaður?“

Ég sagðist halda að hann gæti verið svolítið ógnvekjandi og prófaði bara að senda á hann á Instagram. Hann tók jákvætt í þetta og bað mig að senda sér handritið.“ Það er skemmt frá því að segja að Bogi svaraði Einari með orðunum: „Já, ég er til.“

Byrjaði að taka upp stuttmyndir á síma

„Ég var mjög ungur, var svona sjö ára þegar ég átti Nokia-síma með snertiskjá. Þá fór ég að taka upp stutt myndskleid á símann. Ég lærði að það var hægt að ýta á pásu og halda svo áfram í einni klippu, þannig að ég var að taka upp smá stuttmyndir. Ég kunni ekkert að klippa þá en þetta var mín leið til þess, bara ýta á pásu og græja svo næstu senu. Þegar ég var átta ára fékk ég litla Canon-myndavél og fór að taka fullt af stuttmyndum


upp úr því. Mest af þessu er á YouTube, fólki finnst það vandræðalegt fyrir mína hönd en mér er alveg sama. Mér þykir gaman fólk geti séð hverju mikill amatör maður var upp í myndirnar sem ég er að gera núna.“

Einar segir að síðan hafi hlutirnir þróast hratt, hann sá strák í skólanum nota Windows Movie Maker klippiforrit og varð hvumsa. „Ég sagði bara; „hvað er þetta?“ Var alveg í sjokki, þú gast klippt saman einhver vídeó í eitt. Ég prófaði það og svona þróast þetta áfram, maður verður bara betri og betri í því að klippa.“

Hvað ætlarðu að gera núna þegar þú ert búinn með Kvikmynda-skólann, ætlarðu út og mennta þig meira?

„Ég held ekki, held að ég reyni að koma mér af fullum krafti út á vinnumarkaðinn. Maður getur lært fullt í skóla en mér finnst ég vera á þeim stað að ég þurfi að fara að vinna við þetta. Mér finnst ég læra mest af því að gera hlutina, ég lærði meira á því að vera í tókum heldur en að sitja í skóla átta tíma á dag. Auðvitað á maður ekki að útiloka neitt, aldrei að segja aldrei, en eins og staðan er núna ætla ég að koma mér út á markaðinn,“ segir Einar í lokin og bætir við að sér finnst íslensk kvikmyndagerð frekar einsleit og hann vilji breyta því. „Það er skortur á spennumyndum og ef það er eitthvað sem ég vil skilja eftir mig þá væri það að koma þeim á meira framferi,“ segir þessi Quentin Tarantino Íslands.

#fruforseti



Meðmælasöfnun er hafin!

Smelltu á kóðann til að veita Sigríði Hrund meðmæli.



www.sigridurhrund.is

Fylgdu Sigríði Hrund á samfélagsmiðlum @fruforseti



**FS-ingur vikunnar:****Nafn:** Salome Kristín Róbertsdóttir.**Aldur:** 16.**Námsbraut:** Fjölgreinabraut.**Áhugamál:** Fótbolli.**Knattspyrnu-
kona með mikið
keppnissskap**


Salome Kristín Róbertsdóttir er á sautjándra ári og kemur úr Sandgerði. Salome er á fjölgreinabraut í FS og hefur mikinn áhuga á félagslífi og fótbolta og æfir hún með liði Keflavíkur. Salome stefnir á að verða tannlæknir í framtíðinni.

Á hvaða braut ertu? Fjölgreinabraut.**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** Hvítir skór.**Hver er helsti kosturinn við FS?** Auðvitað félagslífið.**Hver er þinn helsti kostur?** Vinur vina minna.**Hvaða FS-ingur er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?** Júlían Breki því bróðir hans er TikTok-stjarna.**Hver er þinn helsti galli?** Smá keppnissskap.**Skemmtileg saga úr FS?** Álfaskólinn, í Erasmus-verkefni. Segi ekki meira en það.**Hvaða forrit eru mest notuð í símanum þínum?** Auðvitað TikTok.**Hver er myndastur/fyndust í skólanum?** Watan!**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Að vera myndastur.**Hver eru helstu áhugamálin þín?** Væntanlega fótbolli.**Hver er stefnan fyrir framtíðina?** Það væri örugglega bara að verða tannlæknir, ekkert skrifað á stein.**Hvað hræðistu mest?** Sleggjuna.**Ef þú ættir að lýsa sjálfum þér í einu orði hvaða orð væri það?** Ljóska.**Ungmenni vikunnar:****Nafn:** Gabriela Zelaznicka.**Aldur:** 15.**Bekkur og skóli:** 10. bekkur, Sandgerðisskóla.**Áhugamál:** Hitta vini og lesa.**Er snögg að læra**

Gabriela Zelaznicka er fimmtán ára gamall nemandi í Sandgerðisskóla og segir traust og húmor vera bestu eiginleikar í fari fólks. Hún stefnir á framhaldsskóla eftir tíunda bekk og þá mun koma sér vel að hún er snögg að læra. Gabriela er ungmenni vikunnar.

Hvert er skemmtilegasta fagið?

Annað hvort enska eða stærðfræði.

Hvaða þrjú hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju og hvers vegna? Hníf, vatnsflösku og kveikjara til þess að bjarga mér.**Hver í skólanum þínum er líklegur til að verða frægur og hvers vegna?** Guðjón Þor- gils eða Oddný Soffía vegna þess að þau eru bæði söngvarar.**Hver er þinn helsti kostur?** Ég er snögg að læra.**Skemmtilegasta saga úr skólanum:** Þær eru margar bæði úr skíðaferðinni og Slóvakíuferðinni.**Ef þú gætir valið þér einn ofurkraft til að vera með restina af ævinni, hvað myndir þú velja?** Tímaflakk eða teleportation.**Hver er myndastur í skólanum?** Katrín Yr, hún fær mig alltaf til að hlæja.**Hvaða eiginleiki finnst þér bestur í fari fólks?** Traust og húmor.**Hvert er uppáhaldslagið þitt?** Linger með Cranberries.**Hvað langar þig að gera eftir grunnskóla?** Fara í framhaldsskóla.**Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?** Lasanjað hennar mömmu minnar.**Stundur þú íþróttir eða aðrar tómstundir?** Fer stundum í ræktina og sund.**Hver er uppáhaldsbiómyndin þín?** Hunger Games sagan, Catching Fire.**Ef þú ættir að lýsa sjálfri þér í einu orði hvaða orð væri það?** Ákveðin.**Fullur kokkur og Rollings Stones****Elmar Þór Hauksson fermdist 5. apríl 1998 klukkan 10:30 í Keflavíkirkirkju.**

Séra Ólafur Oddur Jónsson og Séra Sigfús B. Ingvason sáu um athöfnina. „Blessuð sé minning þeirra beggja, voru frábærir,” segir Elmar Þór sem segir okkur frá ævintýrlegum aðdraganda að fermingarveislunni þar sem kokkurinn var blindfullur og ekki viðræðuhæfur.

Hvað kemur fyrst upp í hugann þegar þú rifjar upp ferminguna?

Fullur kokkur! Ég man að daginn fyrir ferminguna förum við í salinn að hitta kokkinn og fara yfir málin fyrir stóra daginn. Ég man að hann var alveg blindfullur og ekki viðræðuhæfur, vildi bara sýna okkur grænmeti og ávexti sem hann var búinn að leggja mikla vinnu í að skera út sem skraut. Helga í samkomuhúsinu í Garði, hugaði okkur og sagði: „Ef hann verður svona á morgun þá reddum við þessu bara í sameiningu.“ En veislan lukkaðist mjög vel og var frábær í alla staði, maturinn sérlega flottur og góður þrátt fyrir þó nokkuð ryk í kokknum á fermingardaginn. Ég man að það var frábært veður þennan daginn, sól og stilla þegar við gengum inn í kirkjuna.

Af hverju léstu ferma þig?

Það var ekkert val með það minnir mig, þetta var bara eitthvað sem allir gerðu, var ekkert sérstaklega rætt á mínu heimili af eða á. Minnst þess ekki að hafa verið spurður af foreldrum mínum hvort ég vildi ekki fermast.

Hvernig var fermingarundirbúningurinn?

Fermingarundirbúningurinn var skemmtilegur man ég þrátt fyrir að hafa verið smá kvöð, var alltaf eftir skóla og lengdi daginn. Man að mér þótti fermingarfræðslan skemmtileg og áhugarverð og að mér fannst Sigfús skemmtilegri. Þá þótti mér mjög áhugavert að heyra kórinn syngja í athöfninni og spennigurinn að fá oblátu og messuvínið, það var ekki gott.

Svo var Solla í Nýmynd alveg toppurinn, hún beitti ýmsum brellum til að fá mann til þess að brosa. Var mjög svo skemmtilegt að fara til hennar í myndatöku man ég.

**Var haldin veisla og hvað er eftirminnilegast úr henni?**

Það var haldin vegleg veisla í samkomuhúsinu í Garði, ég man eiginlega ekki neitt eftir veislunni. Ég man að Addi frændi kenndi mér að brjóta saman íslenska fánann í lok dags.

Einnig man ég eftir því að við mamma vorum dugleg að nýta

tilboð þegar við vorum að kaupa inn fyrir veisluna, keyptum kók í Hagkaup Fitjum fyrir 29 krónur flöskuna, var minnir mig afmælistilboð (50 ára) og var takmarkað magn, ein kippa á mann en við förum nokkrum sinnum inn og út með smá millibili man ég.

Eru einhverjar fermingargjafir sem þú manst eftir?

Ég fékk 86.000 krónur í peningum. Síðan fékk ég hljómlutningstæki frá foreldrum mínum ásamt ferð til Danmerkur þar sem farið var á hljótleika með Rollings Stones, líklega hefur pabbi haft áhrif á þau gjafakaup!

Svo voru þetta svona klassískir hlutir á þessum tíma, Parker penni og bækur.

Gaman að segja frá því að fyrir um það bil tveimur árum eða 25 árum seinna, fann ég eina fermingargjöf frá Huldu systur ömmu, sem hafði dottið bak við skúffu. Þar var 2.000 krónu seðill sem ekki sjást lengur í umferð, það var verið að bjóða svoleiðis upp um daginn og lágmarksboð var 39.000 krónur.

Mannstu eftir fermingarfötunum eða klippingunni?

Fermingarfötin voru íslenski hátíðarbúningurinn, það var voðalega spennandi man ég, fara til Reykjavíkur á brúðarkjólaleigu Katrínar þar sem fötin voru mátuð nokkru áður, mikil upplifun. En Thelma Hrund (Lokkar og línur) sá um hárið enda fjölskylduklipparinn, en hún hætti fljótlega að sjá um hárið á mér eftir fermingu þar sem það fór að þynnast heldur hratt eftir fermingu.

Ertu að fara í einhverjar fermingarveislur í ár?

Nei, ekki svo ég viti, það hefur enginn viljað fá mig í fermingarveislu þetta árið ennþá og held að það hafi bara ekki gerst áður.



Gott sjónvarp um páskana



Jóhann Smári Sævarsson er einn af sonum Keflavíkur sem hin síðari ár hefur látið mikið að sér kveða í menningarlífi Suðurnesja og ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur þegar kemur að því að setja upp menningarviðburði á hinu klassíska sviði.

**SUÐUR
MEÐ SJÓ**
SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

Alltaf sussað á Jóhann Smára



Sævar Þorkell Jónsson, betur þekktur sem Keli, hefur í næstum 60 ár, frá því hann var ungur strákur, safnað úrklippum og eiginhandaráritunum tónlistarfólks í úrklippubækur. Bækurnar eru mikil tónlistarverðmæti og urðu tilefni sérstakrar sýningar í Rokksafni Íslands í Reykjanesbæ seint á síðasta ári. Keli hefur lagt á sig mikla vinnu við að safna áritunum í bækurnar sínar og segir í viðtali við Víkurfréttir frá því þegar hann hitti Mick Taylor úr Rolling Stones og setti upp hvíta hanska til að fá eitthvað meira en eiginhandaráritun.

**SUÐUR
MEÐ SJÓ**
SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

Enginn eins klikkaður og Keli

SUÐUR MEÐ SJÓ

SÖGUR AF SUÐURNESJAFÓLKI
FRÁ SJÓNVARPI VÍKURFRÉTTA

Sjónvarp Víkurfréttanna vekur athygli á úrvali sjónvarpsþátta úr smiðju Víkurfréttanna um páskana.

Suður með sjó og **Suðurnesjamagasín** eru þáttaraðir sem vert er að kíkja á.

Kíktu í Sjónvarp Víkurfréttanna á vf.is

og sjáðu áhugaverð viðtöl við Suðurnesjafólk.

Guðbjörg Glóð og Fylgifiskarnir

Keflvíkingurinn **Guðbjörg Glóð Logadóttir** fékk hugmynd að stofnun nýrrar sérværslunar með sjávarfang þegar hún vann í fiskverslun í Boston. Góður gangur í tuttugu ár. Sló í gegn með tilbúnum fiskréttum. Erfitt í byrjun og í hruninu. Fiskur ekki lengur bara mánudagsmatar á Íslandi.



**SUÐURNESJA
magasín**

Öflugir bakhjarlar styðja við dagskrárgerð Sjónvarps Víkurfréttanna



RAFHOLT
www.rafholt.is

PORBJÖRN
Hafnar götu 12 · 240 Grindavík

ÚTVEGSMANNAFÉLAG
SUÐURNESJA

HS ORKA

SKÓLA
MATUR

Saltver

Rétturinn

STUÐLABERG
FASTEIGNASALA

HLJÓMAHÖLL

STJÓRNENDAFÉLAG
SUÐURNESJA

SKIPASMÍÐASTÖÐ
NJARDVÍKUR hl.

algalif
Iceland
inside™

ÍAV

VS
FK

HS VEITUR

GEYSIR

Lagnabjónusta
Suðurnesja ehf.
Pípulagningaverktaki

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

SUÐURNESJABÆR

GRINDAVÍKURBÆR

VOGAR



KÁTTÁHJALLA



Sigurbjörn Daði Dagbjartsson
sigurbjorn@vf.is

Páll Ketilsson
pket@vf.is

Keflvíkingar urðu tvöfaldir bikarmeistarar þegar þeir unnu báða leiki úrslitanna í Laugardalshöllinni síðasta laugardag. Karlaliðið vann Tindastól 92-79 og kvennaliðið Keflavíkur vann Þór Akureyri 89-67. Karlaleikurinn var spennandi lengst af og fyrri hálfleikur var jafn en Tindastóll leiddi 44-42. Þeir náðu svo mest fjórtán stiga forskoti í upphafi síðari

hálfleik en Keflvíkingar tóku þá öll völd á vellinum og sigldu mögnuðum sigri í höfn, 92-79. Í kvennaleikum voru norðankonur númeri of litlar en þær unnu sannfærandi sigur á Grindavík í undanúrslitum. Keflavík er hins vegar með afar sterkt lið og hleypti Þórsurum aldrei nálægt sér. Lokatölur 89-67.

Karakter og kraftur

„Þetta er gersamlega frábært, liðsheilidin, karakterinn og krafturinn í liðinu alveg til fyrirmyndar, við lentum fjórtán stigum undir í þriðja leikhlutu en rúlluðum svo yfir þá í fjórða, við getum ekki annað en verið stolt. Það er frábært að sjá stúkuna svona fulla af Keflvíkingum. Kvennaliðið kláraði svo sitt verkefni með stæl. Þetta er magnaður Keflavíkurdagur,“ sagði Magnús Þorsteinsson, formaður Kkd. Keflavíkur.

Skemmtilegra að vinna

„Jú, heldur betur góð tilfinning, miklu skemmtilegra að vinna en tapa. Fór um mig í byrjun seinni hálfleiks, já og nei. Við vorum með okkar leikskipulag sem var að keyra á fullu til að þreyta andstæðinginn, ef ég hefði hætt að hafa trú á því hefði ég eflaust gert einhverja vitleysu. Ég tók leikhlé til að stöðva þetta áhlaup þeirra og vissi að leikurinn er í 40 mínútur, þóttist vita að við kæmum til baka og það kom á daginn, þeir voru orðnir þreyttir og við gengum á lagið,“ sagði Pétur Ingvarsson, þjálfari karlaliðs Keflvíkinga.

Extra sætt fyrir mig

„Það var frábær tilfinning að taka á móti bikarnum, ég er ótrúlega stoltur af liðinu mínu, við lentum undir í byrjun seinni hálfleiks en komum brjáláðir út úr leikhléinu og eftir það var í raun bara eitt lið á vellinum. Það er erfitt að skýra út hvað gerist, þeir byrjuðu seinni hálfleikinn mjög vel með nokkrum



Glatt trió! Kjartan Már, bæjarstjóri, og formennirnir Björg Hafsteins og Magnús Sverrir.

þristum en svo komum við til baka, þetta var risastór sigur! Þetta er kannski extra sætt fyrir mig, það var stór spurning hvort ég gæti tekið þátt og ég er bara mjög ánægður með þessar tólf mínútur sem ég skilaði í dag,“ sagði Halldór Garðar Hermannsson, fyrirlíði Keflvíkinga, en hann tagnaði aftan á læri viku fyrir úrslitin en hann lét það ekki stoppa sig í bikarleikjunum.

Skemmtilegast að skrifa

„Að árita svona ávisanir er það skemmtilegasta sem ég geri, körfuknattleiksdeild Keflavíkur á þetta svo sannarlega skilið eftir frábæra frammistöðu í dag. Ég er mjög stoltur bæjarstjóri þessa frábæra sveitarfélags, gaman að sjá alla þessa fjölmörgu Keflvíkinga sem

komu í Laugardalshöllina í dag. Nú er kátt á hjalla, ég geri ekki ráð fyrir að taka fiðluna fram, hún passar ekki við þetta tækifæri, ég grip í hana síðar,“ sagði Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, sem lét sig ekki vanta í höllina.

Hafði fulla trú á liðinu

„Auðvitað var gaman að taka við sem fyrirlíði en Katla er áfram mjög mikilvæg liðinu, hún er með okkur á öllum æfingum og leikjum og er svo sannarlega hluti af okkur,“ sagði Anna Ingunn Svansdóttir, varafyrirlíði Keflavíkur, en hún tók við fyrirlíðabandinu af Kötlu Rún Garðarsdóttur sem er ólétt. „Það kom ekkert annað til greina en hún myndi lyfta bikarnum með mér. Ég var alls sigurviss fyrir

þennan leik en ég hafði fulla trú á liðinu mínu. Við sáum að þær unnu Grindavík og hafa unnið okkur einu sinni í vetur svo það kom ekki til greina að vanmeta þær eitthvað. Þær eru með gott lið en við mætum tilbúnar og áttum sigurinn skilinn,“ sagði Anna Ingunn.

Gaman að fá að lyfta bikarnum

„Ég er ekki farin neitt þó svo að ég sé ólétt. Það var gaman að fá að lyfta bikarnum líka, ég er búin að vera á öllum æfingum og leikjum síðan ég þurfti að hætta, við erum saman í þessu. Þetta er öðruvísi hlutverk, skemmtilegt en ég hlakka samt mikið til að snúa aftur á parketið. Ég hafði góða tilfinningu fyrir þessum leik, við þurftum að fokusera á það sem við gátum stjórnað og ef það myndi takast voru sigurlíkur okkar góðar, sem kom á daginn. Við vorum náttúrulega búnar að tapa fyrir þeim einu sinni í vetur svo það var ekki erfitt að mótværa sig fyrir þennan leik fyrir framan alla þessa áhorfendur,“ sagði Katla Rún Garðarsdóttir, fyrirlíði liðsins, en var í öðruvísi hlutverki að þessu sinni.

Alltaf sá næsti

Blaðamaður efast um að það séu margir einstaklingar sigursælari heldur en Sverrir Þór Sverrisson, þjálfari Keflavíkur. Hann vann ítrekað sem leikmaður Keflavíkur og hefur landað ófáum titlum sem þjálfari en er hann með tölu yfir þá titla sem hann hefur unnið?

„Það þýðir ekkert að vera velta sér upp úr gömlum sigrum, það verður alltaf að hugsa um þann næsta, maður lifir ekki á fornri frægð. Ég var alls ekkert öruggur fyrirfram, þetta var hundleiðinlegur dagur, að þurfa hanga svona og bíða eftir leiknum, ég var spenntur en alls ekki sigurviss. Þetta Þórslið er mjög gott, þær hafa unnið okkur einu sinni og ég veit manna best að ef að liðið mitt mætir ekki tilbúið til leiks, erum við bara ekkert góðar. Ef við hins vegar myndum mæta tilbúnar til leiks og vinna baráttuna, voru sigurlíkur okkar góðar. Ég var mjög ánægður með hvernig við komum inn í þennan leik, þetta er frábær dagur fyrir körfuboltann í Keflavík,“ sagði Sverrir Þór.

Frábær fjölskyldudagur

Björg Hafsteinsdóttir vann bikarinn margoft sem leikmaður og hún getur ekki byrjað betur sem nýr formaður Keflavíkur, íþrótt- og ungmennafélags. „Já, þetta gæti flokkast undir ágætis byrjun, það er rétt. Þetta er búinn að vera frábær fjölskyldudagur hjá okkur Keflvíkingum, ég get varla lýst hversu ánægð ég er. Mig grunar að það verði stuð í Keflavík í kvöld. Ég var ánægð með stelpurnar í seinni hálfleik, hvernig þær hristu Þórskonurnar af sér, fljótlega sá maður hvernig þetta myndi enda og það var gaman að vera í stúkunnni. Það var kominn tími á svona bikarsigur, eigum við ekki að segja að risinn sé vaknaður,“ sagði Björg að lokum.



HJÁ KEFLVÍKINGUM



Góður stuðningur úr stúkunn

Keflvískir stuðningsmenn fjölmenntu í stúkuna í Laugar-dalshöllinni og hvöttu sín lið af miklum móð. Keflvísku bikarliðin voru ánægð með stuðninginn og Keflavík fagnaði bikarsigrinum hjá körlum í fyrsta sinn síðan 2012 en þetta var sjöundi titill liðsins. Karlarnir hafa tíu sinnum leikið í úrslitum (7-4). Konurnar eru langsigursælasta bikarliðið en Keflavík sigraði nú í sextánda sinn. Þær unnu fyrst 1988 og unnu þá þrjú ár í röð. Þær unnu síðan sex ár í röð frá 1993 til 1998. Á þrettán árum (1988-2000) sigruðu þær alls tíu sinnum. Þær hafa tuttugu og fimm sinnum leikið til úrslita og hafa sigraði 16 sinnum en tapað níu sinnum.

Þetta var í sjötta sinn sem Keflavík fer með bæði liðin í bikarúrslit og í þriðja sinn sem tvöfaldur sigur vinnst.

Fjórar millur í kassann

Magnús Sverrir Þorsteinsson, formaður körfuknattleiksdeildar Keflavíkur, brosti breitt eftir árangursríka bikarhelgi. Fjórar nýjar milljónir komu í kassann, VÍS gaf sitt hvora milljónina fyrir sigrana og Reykjanesbær sömuleiðis.



Jaka maður leiksins

Jaka Brodnik var valinn maður leiksins í karlaleiknum. Hann hélt liði sínu á floti í fyrri hálfleik en átti magnað leik og skilaði 22 stigum og tók níu fráköst.

Sverrir og Sigurður með fimm kvennatitla

Sverrir Þór Sverrisson, hjálfari kvennaliðs Keflavíkur, var að vinna sinn fimmta bikartitil sem hjálfari kvennaliða. Hann á einn titil með UMFN og UMFG en þrjá með Keflavík.

Sigurður Ingimundarson á einnig fimm titla, alla með Keflavík, og hann hefur þrisvar verið hjálfari þegar Keflavík hefur unnið bikarinn hjá körlunum.



Wallen besta konan

Daniella Wallen var kjörin leikmaður kvennaleiksins, hún var frábær frá fyrstu mínútu, endaði þó ekki með „nema“ fimmtán stig, tók tólf fráköst og gaf sex stoðsendingar. Til marks um að hún var best, Keflavík vann með 34 stigum á meðan hennar naut við. Annars skoruðu fimm leikmenn tíu stig eða meira í leiknum. Wallen hefur verið með Keflavík síðustu árin og staðið sig frábærlega.



Gleðin færðist á skemmtistaðinn Brons í Keflavík eftir sigrana í höllinni. VF/Hilmar Bragi



Sigri fagnað í kvöldverði á KEF

Bikarmeistararnir Keflavíkur hittust á KEF Restaurant á sunnudag og lokuðu þessari frábæru helgi.

Leikmenn, hjálparar og stjórn vilja þakka öllum sem studdu klúbbinn á einn eða annan hátt. Það var magnað að sjá samtakamáttinn í okkar samfélagi. Magnað að sjá hvernig íþróttir geta sameinað fólk og náð svona árangri. Þið eigið risastóran þátt í þessu öllu saman.

Nú er undirbúningur hafinn fyrir næstu verkefni en það eru tveir stórir leikir framundan í þessari viku hjá okkar liðum,“ segir í pistli á stuðningsmannasíðu Keflavíkur. Blue Car og KEF resturant er svo þakkað en fyrirtækin buðu hópnum í kvöldverð.

Tú hamingju Keflvíkingar

TVÖFALDIR BIKARMEISTARAR 2024

BLUE
CAR RENTAL



Aðaltorg

GEYSIR
BÍLALEIGA



HS ORKA



**SKÓLA
MATUR**

Landsbankinn



REYKJANESBÆR
Í KRAFTI FJÖLBREYTLÍKANS



HS VEITUR

SJÓVÁ

RAFHÖLT

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

bus4u
Iceland



BÍLAKJARNINN

nettó

Ray-Ban

Sólgleraugu í fermingargjöf

25% afsláttur
af öllum sólgleraugum



Mundi

Gleðilega páska!

LOKAORÐ



ÍRISAR VALSDÓTTUR

Stærsta páskaeggjð

Síðustu mánuði höfum við stórfjölskyldan fylgt ömmu á nýjan áfangastað hinnar löngu lífsins brautar. Amma, sem er komin á tíræðisaldur, hefur í gegnum tíðina fylgt ættingjum, vinum og kunningjum sínum þennan sama veg. Þótt minnið bregðist henni stundum þá veit hún vel að slíkur er gangur lífsins að ekki er hægt að hægja á tímanum. Áður fyrr var amma nefnilega alltaf á fleygiferð, hún hljóp allt sem hún fór og ávallt hafði hún nóg fyrir stafni. Svona á meðan líkaminn bar hana. Hún horfði á okkur til skiptis þegar hún hafði komið sér fyrir á nýja staðnum, laut höfði og sagði: „Vitið þið það... ég hélt að þetta myndi aldrei koma fyrir mig.“

Það eru ákveðin kaflaskipti í lífinu sem við munum flest hver upplifa: Við tökum fyrstu skrefin sem ungabörn, förum í gegnum kynþroskann sem unglingar, flytjum úr foreldrahúsum sem ungt fólk og búum okkur líf allt fram að ellinni. Þegar það stærsta er yfirstaðið fáum við að fylgjast með af hliðarlínunni, börnum og barnabörnum vaxa og dafna og feta lífsins veg eins og við gerðum. En þegar svo að því kemur að við getum ekki hugsað um okkur sjálf og við þurfum að reida okkur á aðstoð annarra er starf hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og umönnunaraðila ómetanlegt.

Að geta ekki verið án ákveðinna starfsstétta fær mig til að velta upp spurningum um stétta-skiptingu samfélagsins. Hvaða störf eru metin að mestum verðleikum? Hverjir eiga skilið stærsta páskaeggjð? Eins og staðan er núna eru það þeir valdamestu sem fá stærst og flest egg í sínar körfur. Hinir sem sjá til þess að fólk eldist með reisn og að aðstandendur komist til vinnu mega fá eitt lítið egg hver og skulu jafnframt láta það duga fyrir alla fjölskylduna. Í heimsóknunum mínum til ömmu hef ég auðkennt fólk sem eitt sinn var öflugt í félagslífi bæjarins. Nú er ekki spurt hvort um kónga eða presta sé að ræða. Öll eru þau komin á sama stað undir sama þak og fá þá aðstoð sem þau þarfnast. Rétt eins og við sjálf munum einhvern tímann þurfa.

Optical Studio

REYKJANESBÆR

Hafnargata 45 | 421 3811 | opticalstudio.is